FAS23020020

# Greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2022

Lagt fram í borgarráði
27. apríl 2023

# Efnisyfirlit


1. Aðalsjóður ... 2
    1.1 Íþrótta- og tómstundasvið ... 5
    1.2 Menningar og ferðamálasvið ... 7
    1.3 Skóla- og frístundasvið ... 9
    1.4 Umhverfis- og skipulagssvið ... 20
    1.5 Velferðarsvið ... 22
    1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir ... 26
    1.6 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu ... 28
    1.7 Sameiginlegur kostnaður ... 30
    1.8 Fjármála- og áhættustýringarsvið ... 33
    1.9 Mannauðs- og starfsþróunarsvið ... 35
    1.10 Þjónustu- og nýsköpunarsvið ... 37
    1.11 Framlög til B-hluta fyrirtækja ... 39
2. Eignasjóður ... 40
    2.1 Eignaskrifstofa (ESR) ... 44
    2.2 Skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu (RHS ES) ... 45
    2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES) ... 46
3. Greining vöru- og þjónustuinnkaupa A-hluta ... 47
4. Lykiltölur mannauðs ... 50
5. Grænt bókhald ... 52
6. Innheimtuárangur ... 54

# 1. Aðalsjóður




| Rekstur Aðalsjóðs (í m.kr.) | Raun 2022_12 | Áætlun | Frávik | % | Raun 2021_12 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Staðgreiðsla | 106.059 | 104.515 | 1.544 | 1,5% | 96.782 | 9.277 | 9,6% |
| Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. | -12.856 | -12.669 | -187 | 1,5% | -11.610 | -1.246 | 10,7% |
| Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna | 1.426 | 2.556 | -1.130 | -44,2% | 2.945 | -1.519 | -51,6% |
| **Nettó útsvar** | **94.629** | **94.403** | **226** | **0,2%** | **88.118** | **6.512** | **7,4%** |
| Fasteignaskattar | 26.173 | 26.131 | 43 | 0,16% | 24.508 | 1.665 | 6,8% |
| **Skatttekjur samtals** | **120.802** | **120.533** | **269** | **0,2%** | **112.626** | **8.177** | **7,3%** |
| Endurgeiðslur annarra: | | | | | | | |
| Gr. frá ríkissjóði v. heimahjúkrunar | 2.398 | 2.241 | 157 | 7,0% | 1.811 | 587 | 32,4% |
| Gr. frá ríkissjóði v. þjónustu við hælisleitendur | 863 | 696 | 167 | 24,0% | 722 | 141 | 19,5% |
| Gr. frá ríkissjóði v. móttöku flóttafólks | 366 | 0 | 366 | n/a | 0 | 366 | n/a |
| Gr. frá ríkissjóði v. framfærslustyrks erl. ríkisb. | 1.700 | 757 | 943 | 124,5% | 962 | 738 | 76,7% |
| Uppgjör sveitarfélaga vegna skólakostn. | 964 | 900 | 64 | 7,1% | 930 | 35 | 3,7% |
| NPA - Notendastýrð persónuleg aðstoð | 350 | 286 | 64 | 22,2% | 294 | 55 | 18,7% |
| Barnaverndarnefnd - úrræði | 155 | 0 | 155 | n/a | 262 | -107 | -40,9% |
| Gr. sveitarf. v. rekstur skíðasvæða höfuðb.sv. | 230 | 230 | 0 | 0,0% | 210 | 20 | 9,7% |
| Aðrar greiðslur frá ríki og sveitarfélögum | 1.105 | 353 | 752 | 213,3% | 1.043 | 62 | 5,9% |
| Ýmsir styrkir | 571 | 148 | 422 | 284,8% | 259 | 312 | 120,7% |
| **Endurgeiðslur annarra samtals:** | **8.703** | **5.612** | **3.091** | **55,1%** | **6.494** | **2.209** | **34,0%** |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 10.580 | 9.222 | 1.358 | 14,7% | 8.762 | 1.818 | 20,7% |
| Þjónustutekjur | 11.887 | 11.188 | 698 | 6,2% | 10.529 | 1.358 | 12,9% |
| Eignatekjur | 696 | 503 | 193 | 38,3% | 658 | 38 | 5,7% |
| Aðrar tekjur | 2.920 | 5.636 | -2.715 | -48,2% | 2.994 | -74 | -2,5% |
| **Rekstrartekjur samtals** | **155.589** | **152.695** | **2.893** | **1,9%** | **142.063** | **13.526** | **9,5%** |
| Laun og launatengd gjöld | -89.650 | -89.377 | -274 | 0,3% | -82.865 | -6.785 | 8,2% |
| Hækkun lífeyrisskuldbindingar LsRb | -5.467 | -2.700 | -2.767 | 102,5% | 212 | -5.679 | -2679,8% |
| **Launakostnaður samtals** | **-95.117** | **-92.077** | **-3.040** | **3,3%** | **-82.653** | **-12.464** | **15,1%** |
| Annar rekstrarkostnaður | -88.953 | -82.615 | -6.339 | 7,7% | -77.293 | -11.660 | 15,1% |
| **Rekstrargjöld samtals** | **-184.071** | **-174.692** | **-9.379** | **5,4%** | **-159.947** | **-24.124** | **15,1%** |
| Fjármagnsliðir | 9.639 | 8.499 | 1.141 | 13,4% | 8.007 | 1.633 | 20,4% |
| **EBITDA** | **-28.482** | **-21.996** | **-6.486** | **29,5%** | **-17.884** | **-10.598** | **59,3%** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **-18.843** | **-13.498** | **-5.345** | **39,6%** | **-9.877** | **-8.966** | **90,8%** |

**Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 18.843 m.kr.** en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 13.498 m.kr. og var niðurstaðan því um 5.345 m.kr. lakari en áætlað var.

**Rekstrartekjur** **Staðgreiðsla** var 1.544 m.kr. yfir áætlun eða 1,5%. **Eftirá álagt útsvar, skattbreytingar og niðurfærslur skatttekna** voru 1.130 m.kr. undir áætlun en heldur hefur dregið úr eftir á greiddum sköttum á árinu samhliða aukinni staðgreiðslu útsvars. **Endurgreiðslur annarra** voru 3.091 m.kr. yfir áætlun eða 55,1% þar af voru endurgreiðslur frá ríki og öðrum sveitarfélögum 2.669 m.kr. yfir áætlun. Helstu frávik voru í endurgreiðslum frá ríkinu vegna framfærslustyrkja sem voru 943 m.kr. umfram áætlun, móttöku flóttamanna sem var 366 m.kr. yfir áætlun og erlendra ríkisborgara sem voru 167 m.kr. umfram áætlun. Ýmsir styrkir frá öðrum en ríki og sveitarfélögum voru 422 m.kr. yfir áætlun. **Framlög Jöfnunarsjóðs** voru 1.358 m.kr. yfir áætlun. **Þjónustutekjur** voru 698 m.kr. yfir áætlun eða 6,2%. **Aðrar tekjur** voru 2.715 m.kr. undir áætlun eða 48,2% en áætlun gerði ráð fyrir 3.000 m.kr. tekjum í aðgerðaráætlun um leiðréttingu á fjármögnun verkefna sem flutst hafa frá ríkinu til sveitarfélaga á undanförnum árum.[1] Önnur helstu frávik voru í tekjum UTR sem voru 207 m.kr. yfir áætlun. Tekjur upplýsingatæknideildar voru 217 m.kr. hærri en áætlað var vegna aukinnar þjónustu við fagsvið.




**Rekstrargjöld** voru 184.071 m.kr. eða 9.379 m.kr. yfir fjárheimildum. **Launakostnaður** var 89.650 m.kr. eða 274 m.kr. yfir fjárheimildum. **Breyting lífeyrisskuldbindingar v. LsRb** nam 5.467 m.kr. gjaldfærslu og var 2,7 ma.kr. yfir áætlun. Frávikið má aðallega rekja til þess að ávöxtun eigna sjóðsins var töluvert verri en gert hafði verið ráð fyrir.

**Annar rekstrarkostnaður** var 88.953 m.kr. eða 6.339 m.kr. eða 7,7% yfir fjárheimildum[2]. Hjá skóla- og frístundasviði var hráefniskostnaður í mötuneyti 543 m.kr. umfram fjárheimildir. Rekstur og umhirða borgarlandsins var 860 m.kr. umfram fjárheimildir ársins einkum Rekstur gatna og opinna svæða sem var 865 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist mest af vetrarþjónustu sem var 657 m.kr. umfram fjárheimildir, tap á rekstri hverfastöðva 223 m.kr. sem var fært á Rekstur gatna og opinna svæða og skýrist að mestu af miklum langtímaveikingum og Covid-19 faraldri. Úrræði barnaverndar voru 688 m.kr. umfram fjárheimildir sem rekja má til að fleiri börn hafa þurft á vistun að halda á grundvelli 84 gr. barnaverndarlaga en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

**Nettó fjármunatekjur** voru 9.639 m.kr. eða 1.141m.kr. yfir áætlun. Þar af voru vaxtatekjur og verðbætur 2.084 m.kr. yfir áætlun, arður af eignahlutum var 578 m.kr. undir áætlun. Tekjur af ábyrgðargjaldi voru 45 m.kr. yfir áætlun.

[1] Nánari umfjöllun um aðgerðaráætlun er að finna í kafla 1.7 Sameiginlegur kostnaður.
[2] Sjá nánar umfjöllun á hverju sviði fyrir sig.

## Efnahagur

| Efnahagur Aðalssjóðs (m.kr.) | 31.12.2022 | 31.12.2021 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Langtímakröfur og eignahlutir í félögum | 54.600 | 50.811 | 3.789 | 7,5% |
| Fyrirframgr. til Brúar lsj. (langtíma krafa) | 8.475 | 8.860 | -385 | -4,3% |
| Veltufjármunir án handb.fjár | 23.421 | 22.319 | 1.102 | 4,9% |
| Handbært fé | 10.188 | 15.231 | -5.043 | -33,1% |
| Eignir samtals | 96.684 | 97.222 | -537 | -0,6% |
| Eigið fé | -14.854 | 3.989 | -18.843 | -472,4% |
| Lífeyrisskuldbinding LsRb | 36.939 | 34.394 | 2.545 | 7,4% |
| Langtímalán | 5.155 | 4.884 | 271 | 5,5% |
| Næsta árs afborganir langtímalána og lífeyrisskuldbindingar | 2.798 | 2.433 | 365 | 15,0% |
| Skammtímaskuldir án næsta árs afb. | 66.646 | 51.522 | 15.125 | 29,4% |
| Skuldir samtals | 111.538 | 93.233 | 18.305 | 19,6% |
| Skuldir og eigið fé samtals | 96.684 | 97.222 | -537 | -0,6% |

## Sjóðstreymi




Handbært fé í upphafi árs nam 15.231 m.kr. Veltufé frá rekstri var neikvætt um 17.078 m.kr. og stofnframlög m.a. til húsnæðissjálfseignarstofnana námu 972 m.kr. auk þess sem breyting á viðskiptastöðu milli Aðalsjóðs og Eignasjóðs var 14.199 m.kr.

# 1.1 Íþrótta- og tómstundasvið




| Rekstur ÍTR (m.kr.) | Raun 2022 | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 2.184 | 1.897 | 287 | 15,1% |
| Laun og launat. gj. | 3.605 | 3.534 | 71 | 2,0% |
| Annar rekstrark. | 8.971 | 8.707 | 264 | 3,0% |
| **Nettó útgjöld** | **10.392** | **10.344** | **48** | **0,5%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri íþrótta- og tómstundasviðs fyrir árið 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki rauniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 10.392 m.kr.** sem var 48 m.kr. eða 0,5% umfram fjárheimildir.




Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunalega áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2021.

| Íþrótta- og tómstundasvið | Eining | Raun 2022 | Upprunaleg áætlun 2022 | Esk áætlun 2022 | Mismunur á raun og esk áætlun | % | Raun 2021 | Mism. milli ára | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn ÍTR | ITR100 | 219 | 214 | 217 | 2 | 0,8% | 209 | 10 | 5% |
| Sundlaugar | ITR200 | 2.488 | 2.425 | 2.529 | -41 | -1,6% | 2.151 | 337 | 16% |
| Íþróttamál | ITR300 | 1.205 | 1.075 | 1.166 | 39 | 3,3% | 1.055 | 150 | 14% |
| Skíðasvæðin | ITR400 | 130 | 132 | 148 | -18 | -12,2% | 118 | 11 | 10% |
| Önnur starfsemi | ITR500 | 1.437 | 1.362 | 1.397 | 40 | 2,9% | 1.300 | 137 | 11% |
| Styrkir | ITR600 | 4.913 | 4.772 | 4.887 | 26 | 0,5% | 4.608 | 305 | 7% |
| Íþrótta- og tómstundasvið | ITR | **10.392** | **9.979** | **10.344** | **48** | **0,5%** | **9.442** | **950** | **10%** |

## Þjónustuþættir ÍTR

| Málaflokkar ÍTR (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2022 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2022 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2022 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Styrkir | 24 | 31 | -7 | 0 | 2 | -2 | 1.951 | 1.925 | 26 | 1.927 | 1.895 | 31 | **1,7%** |
| Sundlaugar | 1.124 | 1.031 | 93 | 1.894 | 1.876 | 19 | 1.717 | 1.684 | 33 | 2.488 | 2.529 | -41 | **-1,6%** |
| Skíðasvæðin Höfuðb. | 507 | 400 | 106 | 305 | 257 | 48 | 202 | 159 | 43 | 0 | 16 | -16 | |
| Framlög til skíðasv. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 130 | 132 | -2 | 130 | 132 | -2 | **-1,5%** |
| Frístundakort | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 706 | 731 | -25 | 706 | 731 | -25 | **-3,4%** |
| Fjölskyldugarður | 299 | 275 | 24 | 428 | 416 | 12 | 354 | 301 | 52 | 482 | 443 | 40 | **9,0%** |
| Hitt húsið | 53 | 41 | 12 | 455 | 489 | -34 | 159 | 134 | 24 | 561 | 583 | -22 | **-3,7%** |
| Ylströndin | 35 | 24 | 11 | 81 | 67 | 14 | 65 | 56 | 9 | 112 | 99 | 13 | **12,6%** |
| Siglunes | 5 | 5 | 0 | 22 | 13 | 9 | 8 | 11 | -3 | 25 | 19 | 6 | **29,5%** |
| Gervigrasvellir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 464 | 432 | 31 | 464 | 432 | 31 | **7,2%** |
| Yfirstjórn ÍTR | 0 | 0 | 0 | 179 | 169 | 10 | 41 | 49 | -8 | 219 | 217 | 2 | **0,8%** |
| Atvinnumál | 0 | 0 | 0 | 98 | 98 | 0 | 0 | 0 | 0 | 98 | 98 | 0 | **0,2%** |
| Íþróttahús | 106 | 68 | 38 | 50 | 53 | -3 | 2.978 | 2.918 | 60 | 2.922 | 2.904 | 18 | **0,6%** |
| Keppnis og æfingavellir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 68 | 59 | 9 | 68 | 59 | 9 | **14,8%** |
| Langtímaveikindi | 0 | 0 | 0 | 45 | 45 | 0 | 0 | 0 | 0 | 45 | 45 | 0 | **0,0%** |
| Annað | 32 | 23 | 10 | 48 | 48 | -1 | 129 | 115 | 14 | 145 | 141 | 4 | **2,8%** |
| **Samtals** | **2.179** | **1.897** | **282** | **3.605** | **3.534** | **71** | **8.971** | **8.707** | **264** | **10.392** | **10.344** | **48** | **0,5%** |

**Styrkir:** Voru alls 31 m.kr. umfram fjárheimildir eða 1,7% og er um að ræða styrki til íþróttafélaga í Reykjavík.

**Sundlaugar:** Nettó útgjöld vegna sundlauga voru um 2.488 m.kr. sem var 41 m.kr. eða 1,6% innan fjárheimilda. Tekjur sundlauga voru 93 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Laun og launatengd gjöld voru 19 m.kr. umfram fjárheimildir. Annar rekstrarkostnaður var 33 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Frístundarkortið:** Fyrir árið 2022 var heildarkostnaður vegna frístundakortsins 706 m.kr. sem var 25 m.kr. innan fjárheimilda eða 3,4%.

**Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn:** Var 40 m.kr. umfram fjárheimildir. Þar af voru 22 m.kr. vegna reksturs fjölskyldu- og húsdýragarðsins og 17 m.kr. vegna Dýraþjónustunnar. Má nefna að vænting um auknar skráningar hunda í kjölfar lægri gjaldskrá DÝR hafa ekki orðið að veruleika og tekjur eru um 11 m.kr. undir áætlun.

**Hitt Húsið:** Var alls 22 m.kr. innan fjárheimilda. Það skýrist af því að færri ungmenni voru í frístund fatlaðra en áætlun gerði ráð fyrir auk þess sem ekki var ráðið inn fyrir hópstjóra sem fór í fæðingarorlof.

**Ylströndin:** Var 13 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Tekjur voru um 11 m.kr. yfir áætlun, laun um 14 m.kr. og annar rekstrarkostnaður 9 m.kr. umfram fjárheimildir. Stærsta frávikið má rekja til föstudagsopnunar sem ákveðin var í MÍTR ráðinu árið 2021 en ekki fékkst vænt fjármagn með framkvæmdinni auk þess sem rekstrarkostnaður hefur hækkað töluvert umfram fjárheimildir.

**Siglunes:** Var 6 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist af hærri launakostnaði en fjárheimildir gerðu ráð fyrir.

**Gervigrasvellir:** Voru 31 m.kr. umfram heimildir. Stærsti hluti umframkostnaðar var vegna hita og rafmagns en tíðarfar varð til þess að upphitunarkostnaður gervigrasvalla fór fram úr áætlunum auk þess sem aðkeypt vinna vegna viðhalds var umfram fjárheimildir.

**Íþróttahús:** Voru 18 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Hér má nefna að húsaleiga í Egilshöll og Íþrótta- og sýningarhöllinni sem eru fastir samningar tengdir vísitölu neysluverðs voru um 45 m.kr. umfram fjárheimildir þar sem verðbólga var töluvert yfir forsendum fjárhagsáætlunar.

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstur íþrótta- og tómstundasviðs var 48 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,5%. Mestu frávik frá fjárhagsáætlun voru hjá Fjölskyldugarðinum, þar sem nettó útgjöld voru 40 m.kr. umfram fjárheimildir. Gervigrasvellir voru 31 m.kr. umfram fjárheimildir sem var að mestu vegna mikils rafmagns og hita kostnaðar á árinu og styrkir vour einnig 31 m.kr. umfram fjárheimildir en þar er um að ræða styrki til íþróttafélaga í Reykjavík. Á móti vegur að rekstur sundlauga var 41 m.kr. innan fjárheimilda, Hitt húsið var 22 m.kr. innan fjárheimilda og kostnaður vegna frístundakorta var 25 m.kr. innan fjárheimilda.

## 1.2 Menningar og ferðamálasvið




Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri menningar- og ferðamálasviðs fyrir árið 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 6.248 m.kr.** sem var 47 m.kr. eða 0,8% umfram fjárheimildir tímabilsins.




| Rekstur MOF - m.kr. | Raun 2022 | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 599 | 368 | 232 | 63,0% |
| Laun og launat. gj. | 1.909 | 1.908 | 1 | 0,1% |
| Annar rekstrark. | 4.938 | 4.660 | 278 | 6,0% |
| **Nettó útgjöld** | **6.248** | **6.201** | **47** | **0,8%** |

Í neðangreindri töflu er framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins fylgt og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2021.

| Menningar- og ferðamálasvið | Eining | Raun 2022 | Upprunaleg áætlun 2022 | Esk áætlun 2022 | Mismunur á raun og esk áætlun | % | Raun 2021 | Mism. milli ára | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | MOF010 | 131 | 132 | 134 | -4 | -2,6% | 133 | -2 | -1,4% |
| Höfuðborgarstofa | MOF020 | 99 | 101 | 102 | -3 | -2,6% | 197 | -98 | -49,5% |
| EFA | MOF020 | 136 | 0 | 136 | 0 | 0,0% | 1 | 136 | n/a |
| Borgarbókasafn Reykjavíkur | MOF030 | 1.302 | 1.260 | 1.281 | 21 | 1,6% | 1.186 | 116 | 9,7% |
| Listasafn Reykjavíkur | MOF040 | 574 | 553 | 576 | -2 | -0,4% | 544 | 30 | 5,5% |
| Borgarsögusafn Reykjavíkur | MOF045 | 778 | 775 | 791 | -12 | -1,6% | 775 | 4 | 0,5% |
| Önnur menningarstarfsemi | MOF055 | 172 | 174 | 176 | -4 | -2,5% | 168 | 4 | 2,2% |
| Styrkir og samstarfssamningar | MOF060 | 1.775 | 1.713 | 1.748 | 27 | 1,5% | 1.694 | 81 | 4,8% |
| Framlög | MOF080 | 1.214 | 1.065 | 1.193 | 21 | 1,7% | 1.177 | 37 | 3,2% |
| Annað | MOF090 | 68 | 63 | 63 | 4 | 6,7% | 48 | 19 | 40,4% |
| **Menningar- og ferðamálasvið** | **MOF** | **6.248** | **5.837** | **6.201** | **47** | **0,8%** | **5.922** | **327** | **5,5%** |

Yfirkeyrsla ársins 2022 skýrist af samningum við Leikfélag Reykjavíkur og Hörpu sem báðir eru vísitölutryggðir (styrkir og framlög) og var umfram áætlun um 48 m.kr. og var ekki bætt á árinu.

### Þjónustuþættir MOF

| Málaflokkar MOF - m.kr | Tekjur | Áætlun 2022 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2022 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2022 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2022 | Frávik tímabils | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 0 | 0 | 0 | 125 | 126 | -1 | 6 | 9 | -3 | **131** | **134** | **-4** | **-2,6%** |
| Höfuðborgarstofa | 11 | 12 | -1 | 67 | 64 | 4 | 43 | 50 | -7 | **99** | **102** | **-3** | **-2,6%** |
| Höfuðborgarstofa - EFA | 111 | 10 | 101 | 5 | 9 | -4 | 242 | 137 | 105 | **136** | **136** | **0** | **0,0%** |
| Borgarbókasafn | 44 | 45 | -1 | 856 | 838 | 18 | 490 | 488 | 2 | **1.302** | **1.281** | **21** | **1,6%** |
| Listasafn Reykjavíkur | 201 | 135 | 66 | 309 | 313 | -4 | 465 | 398 | 67 | **574** | **576** | **-2** | **-0,4%** |
| Borgarsögusafn | 204 | 131 | 73 | 470 | 479 | -9 | 512 | 443 | 70 | **778** | **791** | **-12** | **-1,6%** |
| Önnur menningarstarfssemi | 28 | 35 | -6 | 75 | 78 | -4 | 125 | 133 | -7 | **172** | **176** | **-4** | **-2,5%** |
| Styrkir og samstarfsamningar | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.775 | 1.748 | 27 | **1.775** | **1.748** | **27** | **1,5%** |
| Framlög | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.214 | 1.193 | 21 | **1.214** | **1.193** | **21** | **1,7%** |
| Annað | 0 | 0 | 0 | 3 | 2 | 1 | 65 | 62 | 4 | **68** | **63** | **4** | **6,7%** |
| **Samtals** | **599** | **368** | **232** | **1.909** | **1.908** | **1** | **4.938** | **4.660** | **278** | **6.248** | **6.201** | **47** | **0,8%** |

**Tekjur** ársins 2022 sýna í heild 232 m.kr. yfir áætlun, sem gefur ekki rétta mynd, þar sem framlag ráðuneytis vegna EFA voru skráðar í áætlun sem þátttaka í verkefninu en var síðan breytt og skráð sem tekjur þ.e. 109 m.kr. sem þýðir að raunmismunur vegna tekna var 123 m.kr. yfir áætlun. Í heild var aðgangseyrir 60 m.kr. yfir áætlun og og vörusala safnbúða var um 35 m.kr. yfir áætlun en tekið skal fram að áætlun á þessum liðum var varkár vegna mikillar óvissu um fjölgun ferðamanna rétt eftir Covid. Lánsskírteini og sektir hjá Borgarbókasafni voru rúmum 5 m.kr. undir áætlun sem að mestu má rekja til þess að nýtt kerfi var tekið í notkun og í innleiðingarferlinu þurfti að lengja í útlánum og gildistími skírteina var framlengdur. Óvenju vel gekk að afla styrkja og var sá liður um 47 m.kr. yfir áætlun og munaði þar langmestu hjá Listasafni, þar af voru rúmar 13. m.kr. styrkir vegna listaverkakaupa. Leigutekjur voru 5 m.kr. yfir áætlun en aðrar sértekjur voru undir áætlun.

**Launakostnaður** ársins 2022 var í heild um 1 m.kr. umfram fjárheimildir. Borgarbókasafnið var 18 m.kr. umfram fjárheimildir, en launakostnaður vegna sameiginlegs rekstrar í Úlfarsárdal var ekki í áætlun og munar þar 5,3 m.kr. Einnig var óvenjumikið um orlofsuppgjör vegna starfsmanna sem voru að láta af störfum sem og langtímaveikindi sem þurfti að bæta og var ekki gert ráð fyrir. Borgarsögusafn var 9 m.kr. innan heimilda sem að hluta má rekja til rangrar áætlunar og annarra tilfærslna. Önnur menningarstarfssemi var innan fjárheimilda um 4 m.kr. þar sem ekki var ráðið strax í stöður sem losnuðu.

**Annar rekstrarkostnaður** var 278 m.kr. umfram fjárheimildir, en er í raun 173 m.kr. þar sem EFA verkefnið er 105 m.kr. umfram heimildir sem skýrist á móti af tekjuhlið sem er skýrt hér að ofan. EFA verkefnið var framlengt yfir á árið 2023 þar sem ekki tókst að loka því verkefni, og var mismunur færður yfir með áramótafærslu, en áætlað er að verkefnið verði í heild undir áætluðum ramma um allt að 20 m.kr. **Borgarbókasafn** var í heild um 21 m.kr. umfram fjárheimildir sem rekja má til yfirkeyrslu á launum og minni tekjum en áætlað var. Ljóst var um mitt ár að safnið myndi ekki ná að vera innan fjárheimilda á árinu en brugðist var við á sviðinu í heild til að mæta þessari yfirkeyrslu. **Listasafn Reykjavíkur** var umfram heimildir á þessum lið um 67 m.kr. sem skýrist af auknum kostnaði á móti veittum styrkjum, flutningi á listaverkageymslum, hækkunar á þóknun til listamanna, hækkunar á aðkeyptri vinnu og auknum innkaupum í safnbúðum vegna meiri veltu. Í heild er Listasafnið um 2 m.kr. innan fjárheimilda ársins. **Borgarsögusafn** var um 70 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist m.a. af auknum gjöldum á móti veittum styrkjum, aukning á vörukaupum í safnbúðum vegna aukinnar veltu, aukningu á sérfræðivinnu vegna stefnumótunar og markaðsmála. Viðhald safngripa var einnig umfram fjárheimildir vegna uppsafnaðrar viðhaldsþarfa, s.s. endurbætur á Dillonshúsi og fl. Í heild var Borgarsögusafn um 12 m.kr. innan fjárheimilda **Önnur menningarstarfssemi** var um 7 m.kr. innan fjárheimilda. Liðurinn **Annað** var umfram um 4 m.kr. sem má að mestu rekja til aukins kostnaðar vegna sameiningar sviðanna MOF og ÍTR. **Styrkir og framlög** voru umfram um 48 m.kr. sem má rekja til vísitölutryggðra samninga við bæði Hörpu og Leikfélag Reykjavíkur sem voru langtum hærri en gert var ráð fyrir í áætlun vegna hærri verðbólgu og ekki kom til leiðréttingar vegna þeirra.

Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu lykiltölur tengdar rekstri menningar- og ferðamálasviðs:

| Lykiltölur úr rekstri MOF | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Breyting 2021-2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Gestafjöldi** | | | | | | |
| Borgarbókasafn | 579.324 | 581.252 | 386.085 | 442.136 | 484.048 | 9,50% |
| Listasafn Reykjavíkur | 222.886 | 227.119 | 138.815 | 153.945 | 238.006 | 54,60% |
| Borgarsögusafn | 223.958 | 200.068 | 60.180 | 86.747 | 145.250 | 67,40% |
| Upplýsingamiðstöð ferðamanna* | 446.455 | - | - | - | - | - |
| | | | | | | |
| Borgarbókasafn - útlán | 710.074 | 707.833 | 535.862 | 635.781 | 554.796 | -12,70% |
| Fjöldi listaverka í eigu Listasafns | 17.154 | 17.193 | 17.237 | 17.267 | 17.306 | 0,20% |
| Fjöldi útilistaverka listaverka í eigu Listasafns | 182 | 184 | 184 | 186 | 188 | 1,10% |

*** Upplýsingamiðstöð ferðamanna lögð niður haustið 2018**

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Frávik sviðsins voru 47 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist einkum af vísitölutryggðum samningum við Leikfélag Reykjavíkur og Hörpu sem voru töluvert umfram fjárheimildir vegna hærri verðbólgu en áætlun gerði ráð fyrir.

## 1.3 Skóla- og frístundasvið




| Rekstur SFS (m.kr.) | Raun 2022 | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 5.383 | 4.420 | 963 | 21,8% |
| Laun og launat. gj. | 47.754 | 46.202 | 1.552 | 3,4% |
| Annar rekstark. | 27.113 | 25.821 | 1.292 | 5,0% |
| **Nettó útgjöld** | **69.483** | **67.603** | **1.881** | **2,8%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 69.483 m.kr.** sem var 1.881 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,8%.




Stjórnendum SFS var falið að halda skólum, leikskólum og frístundastarfi opnu á Covid-19 tímum, þar sem lokun hefði haft keðjuverkandi áhrif á allt atvinnulífið. Röskun varð á opnun og þjónustu starfsstaða. Áhrif heimsfaraldurs voru mikil í byrjun árs 2022 vegna mikillar útbreiðslu smita með tilheyrandi veikindum hjá miklum fjölda starfsmanna. Þann 25. febrúar var öllum takmörkunum aflétt af skólahaldi.

Veikindahlutfall á tímabilinu janúar til desember 2022 var um 8,7% fyrir SFS í heild sem er 2% umfram það sem hefur verið undanfarin ár, árin 2019-2021 en þá voru veikindahlutföll 6,7 og 6,8%. Mikið var um útbreidd smit og veikindafjarvistir starfsmanna sem höfðu í för með sér mikið álag á stofnanir. Veikindaforföll á tímabilinu janúar til desember voru 10,7% í leikskólum og 7,9% í grunnskólum. Þessi forföll hafa haft í för með sér kostnað við afleysingu sem ekki hefur verið lagt mat á. Upplýsingar um auka mönnun eru samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum starfsstöðva. Mikil skammtímaveikindi hafa valdið aukinni þörf á yfirvinnu á starfsstöðvum til að manna kennslu og aðra starfsemi.

Mikil fjölgun barna af erlendum uppruna sem þarfnast aukins stuðnings í námi vegna tungumálaerfiðleika og rofinnar skólagöngu hefur leitt til mikillar hækkunar á launakostnaði hjá leik- og grunnskólum. Þessi skyndilega breyting á samsetningu nemenda gerir það að verkum að nýtt grunnskólalíkan nær ekki að fylgja eftir þeirri raunkostnaðaraukningu sem orðið hefur í skólakerfinu. Þessi fjölgun barna af erlendum uppruna var ófyrirséð en SFS hefur veitt þessum börnum alla þá þjónustu sem þurft hefur til að aðlaga þau að íslensku samfélagi.

Nýtt grunnskólalíkan var tekið í notkun í ársbyrjun 2022. Skólaárið 2021-2022 var skipulagt vorið 2021 og ráðningar starfsmanna miðaðar við eldra líkan sem kann að hafa haft áhrif á skipulag skólastarfsins á vorönn.

Nýtt leikskólalíkan er í vinnslu sem á að varpa skýrara ljósi á úthlutun og fjárþörf leikskóla miðað við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra, en mikið ójafnvægi hefur verið milli rekstrarkostnaðar og fjárheimilda til leikskóla á síðustu árum sem hefur komið fram sem mikill halli hjá nær öllum leikskólum.

Verðlagsbreytingar á síðustu mánuðum hafa verið mun meiri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, verður því enn meira frávik vegna hækkunar á verði aðfanga miðað við fjárheimildir sem tóku ekki hækkunum vegna verðlagsbreytinga. Fjárheimildir vegna innri leigu á húsnæði hafa verið endurreiknaðar til samræmis við hækkun vísitölu. SFS hefur brugðist við hækkun á verði aðfanga með því að leita hagkvæmustu leiða við rekstur mötuneyta. Sem dæmi hafa nú 46 leikskólar og 11 grunnskólar dregið verulega úr mötuneytiskostnaði með því að kaupa aðkeyptan mat.

SFS hefur brugðist við hækkun á rekstrarkostnaði með því að leita hagkvæmustu innkaupa og draga úr endurnýjun tækja og búnaðar. Einnig hefur verið lagt í mikla greiningarvinnu í tengslum við hækkun á launakostnaði. Niðurstaðan hefur leitt í ljós að fjölgun barna af erlendum uppruna hefur aukið álag á kennara og starfsfólk í skólakerfinu.

Hér að neðan eru helstu liðir sem tengdir eru óhagstæðum ytri skilyrðum í rekstri SFS og valda 370 m.kr. halla af þeim 1.881 m.kr. sem ársuppgjörið sýnir (sjá nánari sundurliðun í töflu).

Nokkrir liðir sem valda halla á tímabilinu:

| Útgjöld sem valda halla | Fjárhæð, m.kr. | Helstu forsendur |
|---|---|---|
| Grunnskólar, aukin aðkeypt þrif og annar kostnaður | 15 | Bókfærður kostnaður með verkefnamerkingu COVID19 |
| Leikskólar, aukin aðkeypt þrif og annar kostnaður | 12 | Bókfærður kostnaður með verkefnamerkingu COVID19 |
| Frístundastarf, aukin aðkeypt þrif og annar kostnaður | 2 | Bókfærður kostnaður með verkefnamerkingu COVID19 |
| Grunnskólar, kostnaður við eigin þrif | 15 | Miðað er við að kostnaður sé um 5 m.kr. á mánuði, jan-mars. |
| Leikskólar, kostnaður við Covid | 69 | Kostnaður vegna hólfunar |
| Grunnskólar, kostnaður við Covid | 40 | Kostnaður vegna hólfunar |
| **Samtals kostnaður við eigin þrif og hólfun vegna Covid** | **153** | |
| Óreglulegir liðir grunnskóla | 217 | Kostnaður sem ekki fellur undir reglulegan rekstur grunnskóla. |
| **Samtals óreglulegir liðir** | **217** | |
| **Samtals** | **370** | |

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2021.

| Skóla- og frístundasvið | Raun 2022 | Upprunaleg áætlun 2022 | Esk. áætlun 2022 | Munur á raun og esk áætlun | % | Raun 2021 | Mism. milli ára | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Grunnskólar | 38.830 | 35.724 | 37.979 | 851 | 2,4% | 35.906 | 2.924 | 8,1% |
| Leikskólar og dagforeldrar | 22.560 | 19.451 | 21.172 | 1.389 | 7,1% | 19.612 | 2.948 | 15,0% |
| Frístundastarf | 4.512 | 4.864 | 4.787 | -275 | -5,7% | 4.667 | -155 | -3,3% |
| Skrifstofur SFS | 1.507 | 1.525 | 1.527 | -20 | -1,3% | 1.537 | -30 | -1,9% |
| Listaskólar og námsflokkar | 2.074 | 2.018 | 2.138 | -64 | -3,2% | 1.979 | 95 | 4,8% |
| **Skóla- og frístundasvið** | **69.483** | **63.581** | **67.603** | **1.881** | **2,8%** | **63.701** | **5.782** | **9,1%** |

**Annar rekstrarkostnaður** sviðsins greinist þannig:

| Annar rekstrarkostnaður - SFS í heild | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda** | | | | |
| Innri leiga húsnæðis | 11.403 | 11.403 | | 0,0% |
| Rafmagn, hiti og vatn | 457 | 390 | 67 | 17,2% |
| Einkareknir skólar og tónlistarskólar | 6.941 | 6.958 | -17 | -0,2% |
| Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga | 680 | 565 | 116 | 20,5% |
| Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda | 19.482 | 19.316 | 166 | 0,9% |
| **Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda** | | | | |
| Hráefni í mötuneyti | 2.257 | 1.714 | 543 | 31,7% |
| Kennsluefni | 298 | 295 | 3 | 0,9% |
| Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur | 722 | 647 | 75 | 11,6% |
| Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla | 805 | 735 | 69 | 9,4% |
| Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna | 814 | 669 | 145 | 21,6% |
| Húsaleiga | 343 | 239 | 104 | 43,3% |
| Aðkeypt vinna | 382 | 398 | -17 | -4,2% |
| Innri leiga búnaðar | 888 | 834 | 54 | 6,5% |
| Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður | 1.123 | 972 | 151 | 15,5% |
| Samtals rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda | 7.631 | 6.505 | 1.126 | 17,3% |
| **Samtals annar rekstrarkostnaður** | **27.113** | **25.821** | **1.292** | **5,0%** |

Frávik í öðrum rekstrarkostnaði hjá SFS var um 5,0% umfram fjárheimildir eða 1.292 m.kr. Öðrum rekstrarkostnaði SFS er skipt upp í tvennt, annarsvegar rekstrarkostnað án aðkomu stjórnenda s.s. greiðslum til sjálfstætt starfandi stofnanna, innri leigu og veitukostnaði og hins vegar rekstrarkostnaði með aðkomu stjórnenda og snýr að daglegum rekstri þeirra stofnanna sem þeir stýra. Af þeim síðarnefnda er halli að fjárhæð 1.126 m. kr. en þar af eru 543 m.kr. tengdar umframkeyrslu í hráefniskostnaði í mötuneytum. Verð á matvörum hefur hækkað verulega á árinu og óhagræði í rekstri mötuneyta vegna covid og mygluskemmda hafði einnig mikil áhrif. Verulegur viðbótarkostnaður hefur fallið á SFS í tengslum við framkvæmdir vegna myglu þar sem nauðsynlegt hefur verið að skipta rekstrareiningum upp á marga starfsstaði en það hefur leitt til mikillar hækkunar á rekstrarútgjöldum.

Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna var um 145 m.kr. umfram fjárheimildir, sem kemur til vegna þess að grípa hefur þurft til nauðsynlegs viðhalds hjá starfsstöðvum SFS til að halda húsnæði og búnaði í nothæfu ástandi. Aðkeypt ræsting, sorphirða

og öryggisgæsla var um 69 m.kr. umfram fjárheimildir og vó ræsting þar þungt vegna krafna um að starfsstaðir væru með góðar smitvarnir. Ekki komu viðbótarfjárheimildir til móts við þann kostnað. Á árinu 2022 var endurnýjað útboð á ræstingu sem tók gildi í maí en þrátt fyrir hagræði við útboðið þá hafa verðbætur á samningsfjárhæðir leitt til hækkunar umfram fjárheimildir sem ekki fylgdu hækkunum á töxtum ræstingarfyrirtækjanna.

Aðkeypt vinna var 17 m.kr. innan fjárheimilda þar fellur undir s.s. sérfræðiþjónusta, læknisþjónusta og önnur aðkeypt vinna. Greiðslur til einkarekinna skóla og tónlistarskóla voru 14 m.kr. innan fjárheimilda en uppgjör milli sveitarfélaga 116 m.kr. umfram áætlun. Fjárheimildir vegna innri leigu húsnæðis voru uppfærðar í lok árs til samræmis við útgefna reikninga Eignasjóðs.

| SFS - sviðshlutar | Tekjur | | | Laun | | | Annar kostnaður | | | Samtals | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | % | |
| Grunnskólar | 2.638 | 2.120 | 517 | 25.764 | 25.195 | 569 | 15.704 | 14.904 | 799 | **38.830** | **37.979** | **851** | **2,2%** | **Halli** |
| Leikskólar | 1.675 | 1.509 | 165 | 15.985 | 14.930 | 1.055 | 8.249 | 7.751 | 499 | **22.560** | **21.172** | **1.389** | **6,6%** | **Halli** |
| Frístundastarf | 872 | 713 | 159 | 4.415 | 4.527 | -112 | 969 | 974 | -5 | **4.512** | **4.787** | **-275** | **-5,7%** | **Afgangur** |
| Skrifstofur SFS | 126 | 16 | 110 | 1.189 | 1.132 | 56 | 445 | 411 | 34 | **1.507** | **1.527** | **-20** | **-1,3%** | **Afgangur** |
| Listaskólar ofl. | 74 | 61 | 12 | 402 | 418 | -16 | 1.746 | 1.781 | -35 | **2.074** | **2.138** | **-64** | **-3,0%** | **Afgangur** |
| **Samtals** | **5.383** | **4.420** | **963** | **47.754** | **46.202** | **1.552** | **27.113** | **25.821** | **1.292** | **69.483** | **67.603** | **1.881** | **2,8%** | **Halli** |

## Grunnskólahluti

### Nettó útgjöld grunnskólahluta SFS voru 38.830 m.kr. sem var 851 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,2%.

| Grunnsk.hluti (m.kr.) | Raun 2022 | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 2.638 | 2.120 | 517 | 24,4% |
| Laun og launat. gj. | 25.764 | 25.195 | 569 | 2,3% |
| Annar rekstark. | 15.704 | 14.904 | 799 | 5,4% |
| **Nettó útgjöld** | **38.830** | **37.979** | **851** | **2,2%** |






Heimild: https://reykjavik.is/skolastarf-i-tolum, mv. 1.10. hvers árs

**Tekjur** grunnskólahluta voru 2.638 m.kr. sem var 517 m.kr. yfir áætlun eða 24,4%. Tekjur af skólamáltíðum voru um 88,8 m.kr. umfram áætlun, styrkir 172 m.kr. yfir áætlun og greiðslur vegna hælisleitenda 148 m.kr. og aðrar sértekjur 41,3 m.kr.

**Launakostnaður** grunnskólahluta var 25.764 m.kr. sem var 569 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,3%. Þar af er halli vegna langtímaveikinda 101 m.kr. Viðbótaryfirvinna vegna rekstrarröskunar í tengslum við myglu og Covid 19 í almennum skólum námu 163 m.kr. Kostnaðaraukning vegna aukinnar þjónustuþyngdar og fjölgunar nemenda í sérskólum nam 169 m.kr.

**Óskiptur annar rekstrarkostnaður** var í heildina 15.704 m.kr. en hann skiptist eins og áður hefur verið getið í annan rekstrarkostnað sem stjórnendur hafa ekki aðkomu að og hins vegar daglegar rekstrarkostnað sem stjórnendur geta haft áhrif á.

**Annar rekstrarkostnaður** var um 799 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5,4%. Af þessum 799 m.kr. eru 298 m.kr. vegna aukins kostnaðar við mötuneytisrekstur og 110 m.kr. vegna hækkunar á leigu á húsnæði í eigu þriðja aðila. Aðrir rekstrarliðir eru að hækka minna en þó þannig að þeir hafa samanlagt veruleg áhrif. Kostnaður eins og skólaakstur, sem óhjákvæmilega fylgir stórum mygluverkefnum, hefur farið vaxandi og var því 64 m.kr. umfram fjárheimildir. Samningar um ræstingu eru bundnir vísitölum sem hafa tekið meiri hækkunum en reiknað var með en því til viðbótar féll til á árinu kostnaður í tengslum við Covid-19 upp á 15 m.kr. kemur til vegna aðkeyptra smitvarna, þrifa og öðru slíku til að bregðast við auknum kröfum um ræstingu og hólfaskiptingu.

Viðhald og endurnýjun var 6 m.kr. innan fjárheimilda. Aðkeypt ræsting var 47 m.kr. umfram fjárheimildir. Húsaleiga var 110 m.kr. umfram fjárheimildir. Aðkeypt vinna, sálfræðiþjónusta og túlkaþjónusta var 22 m.kr. umfram fjárheimildir. Hráefni til mötuneyta og aðkeyptur matur var 298 m.kr. umfram fjárheimildir.

Óreglulegir liðir grunnskóla voru 217 m.kr. umfram þær fjárheimildir sem fengust á árinu til að mæta þeim kostnaði sem felst í röskunar á skólastarfi og auknum kostnaði sem ekki fellur undir almennan rekstur skóla.

| Annar rekstrarkostnaður grunnskóla | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda** | | | | |
| Innri leiga húsnæðis | 8.856 | 8.856 | | 0,0% |
| Rafmagn, hiti og vatn | 346 | 286 | 60 | 21,1% |
| Einkareknir skólar | 1.695 | 1.699 | -4 | -0,2% |
| Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga | 430 | 322 | 108 | 33,5% |
| Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda | 11.328 | 11.163 | 165 | 1,5% |
| **Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda** | | | | |
| Hráefni í mötuneyti | 1.107 | 809 | 298 | 36,9% |
| Kennsluefni | 171 | 161 | 10 | 6,1% |
| Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur | 694 | 630 | 64 | 10,2% |
| Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla | 314 | 267 | 47 | 17,5% |
| Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna | 502 | 508 | -6 | -1,1% |
| Húsaleiga | 281 | 170 | 110 | 64,7% |
| Aðkeypt vinna | 165 | 143 | 22 | 15,1% |
| Innri leiga búnaðar | 691 | 674 | 17 | 2,6% |
| Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður | 451 | 379 | 72 | 19,1% |
| Samtals rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda | 4.375 | 3.741 | 634 | 17,0% |
| **Samtals annar rekstrarkostnaður** | **15.704** | **14.904** | **799** | **5,4%** |

## Borgarreknir grunnskólar og tengdir liðir

Kostnaður vegna reksturs borgarekinna grunnskóla, að meðtöldum sér- og samreknum skólum var 35.625 m.kr. Fjárheimildir námu 35.137 m.kr. fyrir grunnskóla og var kostnaður því 487 m.kr. umfram fjárheimildir eða 1,4%. Miðlægir liðir og úthlutunarpottar grunnskóla voru samanlagt með 150 m.kr. halla á tímabilinu. Helstu liðir sem mynda halla: akstur fatlaðra og skólaakstur 85,5 m.kr. og uppgjör til sveitarfélaga 72,7 m.kr. Útgjöld vegna einkarekinna skóla voru 4 m.kr. innan fjárheimilda.

| | Tekjur | | | Laun | | | Annar kostnaður | | | Samtals | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Grunnskólar | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Frávik % | |
| Grunnskólar samreknir | 310 | 251 | 58 | 3.744 | 3.753 | -9 | 2.032 | 1.885 | 147 | **5.467** | **5.386** | **80** | **1,5%** | **Halli** |
| Grunnskólar | 1.340 | 958 | 383 | 19.410 | 19.170 | 240 | 9.480 | 9.134 | 346 | **27.549** | **27.346** | **204** | **0,7%** | **Halli** |
| Sérskólar | 17 | 11 | 6 | 1.910 | 1.741 | 169 | 716 | 675 | 40 | **2.608** | **2.405** | **203** | **8,4%** | **Halli** |
| **Samtals borgarreknir:** | **1.667** | **1.220** | **447** | **25.064** | **24.664** | **401** | **12.228** | **11.694** | **534** | **35.625** | **35.137** | **487** | **1,4%** | **Halli** |
| Miðlægt og endurúthlutun | 970 | 900 | 70 | 537 | 531 | 5 | 1.625 | 1.411 | 214 | **1.192** | **1.042** | **150** | **14,3%** | **Halli** |
| Óreglulegir liðir grunnskóla | | | | 163 | | 163 | 155 | 100 | 55 | **318** | **100** | **217** | **216,6%** | **Halli** |
| Einkaskólar | | | | | | | 1.695 | 1.699 | -4 | **1.695** | **1.699** | **-4** | **-0,2%** | **Afgangur** |
| **Samtals borgar. og einkar** | **2.638** | **2.120** | **517** | **25.764** | **25.195** | 569 | **15.704** | **14.904** | **799** | **38.830** | **37.979** | **851** | **2,2%** | **Halli** |

SFS tók á árinu í notkun nýtt rekstrarlíkan, Edda, fyrir borgarrekna grunnskóla. Þetta var fyrsta árið sem nýtt líkan er borið saman við rekstrarniðurstöðu ársins en þó verður að hafa í huga að rekstrarákvarðanir og skipulag á fyrri hluta ársins 2022 (lok skólaársins 2021/2022) voru miðuð við eldra líkan. Þannig má segja að nýja líkanið hafi komist í rekstur um mitt árið þó svo að samanburður sé gerður milli líkansins og rekstrarársins á ársgrundvelli.

Heildarfrávik ársins hjá borgarreknum grunnskólum var 1,4% (487 m.kr.) sem verður, að teknu tilliti til þess að stjórnendur höguðu ráðningum og skólastarfi á fyrri hluta árs í samræmi við eldra módel, að teljast nokkuð gott. Árið 2023 verður fyrsta árið þar sem keyrt verður heilt rekstrarár með Eddunni og því verður eftirfylgni fjármáladeildar meiri en venja er svo grípa megi fljótt inn í frávik og leiðrétta stefnuna. Ef að sérskólarnir eru teknir út úr töflunni hér að ofan þá enda Eddu skólarnir í 0,9% fráviki og má því draga þá ályktun að Eddu líkanið sé að grípa þann rekstrarkostnað sem tilheyrir rekstri borgarekinna grunnskóla. Þess verður þó að geta að Eddan er enn að stíga sín fyrstu skref og skólar að máta sig inn í líkanið.

Nokkrir grunnskólar eru að kljást við rekstrarvanda í tengslum við hraðan vöxt eða fækkun í fjölda nemenda. Dæmi um skóla sem hafa vaxið mjög hratt og sprengt utan af sér þann ramma sem þeim var skipaður eru t.d. Dalskóli og Hlíðaskóli. Þar hafa stjórnendur þurft að bregðast við ófyrirsjáanlegri fjölgun nemenda sem skapar aukið álag og vandamál í tengslum við mönnun kennslu og kennsluaðstöðu. Að sama skapi eru Ingunnarskóli og Ártúnsskóli í vanda vegna fækkunar nemenda sem hefur gert það að verkum að bekkjastærðir og fjöldi bekkja eru skólunum óhagsstæðir og því verður rekstrarkostnaður hærri en líkanið gerir ráð fyrir. Hvort tveggja eru óhagstæð rekstrarskilyrði sem leiða til hækkunar kostnaðar og umframkeyrslu og því er nauðsynlegt að þekkja bakgrunn rekstrareininganna þegar lagt er mat á rekstrarframmistöðu.

Klettaskóli er með rekstrarfrávik sem nemur 215 m.kr. á árinu. Helstu áhrifaþættir eru fjölgun nemenda og aukin þjónustuþyngd þeirra nemenda sem sækja skólann. Nauðsynlegt er að rýna rekstur skólans vel og skapa honum þann ramma sem hann þarf til að geta sinnt því hlutverki sem honum er ætlað. Í dag eru um 45% nemenda frá nágrannasveitarfélögunum og því eru þau með ákveðna hlutdeild í rekstrarfráviki ársins. Hlutur Reykjavíkurborgar er því í kringum 115 m.kr. af rekstrarfrávikinu.

Fjölgun barna af erlendum uppruna hafa valdið viðbótar álagi og kostnaðarauka þar sem SFS hefur það að markmiði að veita þessum börnum allan þann stuðning sem þau þurfa til að auðvelda þeim aðlögun að íslensku samfélagi. Flest þessara barna þurfa aukinn stuðning, bæði hvað varðar tungumál og félagslega þætti. Reykjavíkurborg hefur boðið velkomin börn með sérþarfir og hefur þeim fjölgað í grunnskólum borgarinnar. Þetta allt hefur leitt af sér kostnaðarauka sem SFS hefur brugðist við með því að hagræða og beina því fjármagni sem er til staðar í þann farveg að það nýtist sem best öllum nemendum og starfsmönnum grunnskóla. Það skal tekið fram að Eddu líkanið var ekki hannað þannig að það næði utan um öll möguleg tilvik og er þessi mikla fjölgun barna með erlendan uppruna því ekki hluti af grunnlíkani Eddunnar. Reykjavíkurborg hefur mætt þessari aukningu að hluta til með aukningu fjárheimilda.

Halli af rekstri borgarrekinna grunnskóla ásamt sérskólum var 487 m.kr. Af 39 grunnskólum voru 20 með afgang eða í jafnvægi en aðrir voru með hallarekstur.

| Borgarreknir grunnskólar (m.kr.) | | | | | | | | | | | | | | Árið 2021 til samanburðar | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stofnun | Tekjur raun | Tekjur áætlun | Tekjur frávik | Laun raun | Laun áætlun | Laun frávik | Kostnaður raun | Kostnaður áætlun | Kostnaður frávik | Samtals rekstur | Samtals áætlun | Samtals frávik | Frávik % | Samtals frávik | Frávik % |
| Klettaskóli | 15 | 9 | -6 | 1.438 | 1.245 | 193 | 590 | 562 | 28 | 2.013 | 1.798 | 215 | 12,0% | 1.716 | 135 |
| Melaskóli | 59 | 46 | -13 | 803 | 736 | 67 | 305 | 282 | 23 | 1.050 | 971 | 78 | 8,1% | 918 | 103 |
| Dalskóli | 85 | 83 | -2 | 1.191 | 1.128 | 63 | 754 | 689 | 65 | 1.861 | 1.734 | 126 | 7,3% | 1.528 | 127 |
| Ingunnarskóli | 39 | 34 | -5 | 608 | 575 | 33 | 315 | 293 | 21 | 884 | 834 | 50 | 5,9% | 746 | 62 |
| Hlíðaskóli | 53 | 40 | -13 | 918 | 879 | 39 | 402 | 357 | 45 | 1.266 | 1.196 | 70 | 5,9% | 1.093 | 74 |
| Ártúnsskóli | 45 | 44 | -1 | 481 | 482 | -2 | 188 | 154 | 34 | 624 | 593 | 31 | 5,2% | 529 | 47 |
| Fossvogsskóli | 30 | 28 | -2 | 472 | 460 | 12 | 193 | 173 | 21 | 636 | 605 | 30 | 5,0% | 641 | 164 |
| Selásskóli | 21 | 18 | -2 | 359 | 341 | 18 | 221 | 214 | 6 | 559 | 537 | 22 | 4,1% | 517 | 19 |
| Borgaskóli | 21 | 21 | 0 | 430 | 422 | 8 | 234 | 220 | 14 | 642 | 621 | 21 | 3,5% | 532 | 102 |
| Hvassaleitisskóli | 19 | 14 | -5 | 416 | 415 | 1 | 230 | 207 | 23 | 628 | 609 | 19 | 3,1% | 534 | 46 |
| Foldaskóli | 36 | 33 | -3 | 799 | 785 | 14 | 360 | 339 | 22 | 1.123 | 1.090 | 32 | 3,0% | 992 | 59 |
| Engjaskóli | 29 | 20 | -9 | 401 | 390 | 11 | 242 | 230 | 12 | 614 | 600 | 15 | 2,4% | 519 | 71 |
| Hamraskóli | 22 | 14 | -8 | 400 | 395 | 5 | 217 | 201 | 17 | 595 | 582 | 13 | 2,3% | 527 | 25 |
| Laugalækjarskóli | 30 | 22 | -7 | 562 | 558 | 4 | 268 | 252 | 16 | 801 | 788 | 13 | 1,7% | 641 | 38 |
| Vesturbæjarskóli | 47 | 26 | -20 | 489 | 456 | 33 | 331 | 332 | -1 | 774 | 762 | 11 | 1,5% | 709 | 39 |
| Grandaskóli | 34 | 31 | -3 | 509 | 500 | 10 | 242 | 241 | 0 | 717 | 710 | 7 | 0,9% | 665 | 28 |
| Sæmundarskóli | 58 | 38 | -20 | 676 | 654 | 22 | 414 | 410 | 3 | 1.031 | 1.026 | 5 | 0,5% | 935 | 73 |
| Árbæjarskóli | 65 | 49 | -16 | 971 | 945 | 26 | 419 | 427 | -8 | 1.325 | 1.322 | 3 | 0,2% | 1.186 | 52 |
| Þjónustuíbúðir | 169 | 166 | 3 | 1.117 | 1.056 | 61 | 241 | 204 | 37 | 1.189 | 1.093 | 96 | 9% |
| Stuðnings- og stoðþjónusta | 1 | 0 | 1 | 2.271 | 2.127 | 144 | 703 | 720 | -17 | 2.973 | 2.846 | 127 | 4% |
| Keðjan | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 377 | 256 | 121 | 377 | 256 | 121 | 47,0% |
| Framleiðslueldhús | 300 | 307 | -8 | 264 | 262 | 2 | 295 | 254 | 41 | 259 | 209 | 50 | 24% |
| Virkniverkefni | 31 | 0 | 31 | 185 | 182 | 3 | 11 | 48 | -37 | 165 | 230 | -65 | -28% |
| NPA | 350 | 286 | 64 | 0 | 0 | 0 | 1.348 | 1.221 | 126 | 998 | 935 | 63 | 7% |
| Úrræði Barnavernd | 155 | 0 | 155 | 0 | 0 | 0 | 1.680 | 837 | 843 | 1.525 | 837 | 688 | 82% |
| Hælisleitendur og flóttamannaverkefni | 1.244 | 786 | 458 | 430 | 193 | 237 | 813 | 634 | 178 | -2 | 41 | -43 | -104% |
| Önnur Verkefni | 117 | 65 | 52 | 589 | 406 | 182 | 433 | 693 | -260 | 905 | 1.035 | -130 | -13% |
| **Samtals** | **7.531** | **6.117** | **1.414** | **27.611** | **26.394** | **1.217** | **15.744** | **14.104** | **1.640** | **35.823** | **34.380** | **1.443** | **4,20%** |

## Helstu frávik

**Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf** voru 356 m.kr. innan fjárheimilda eða 6%. Frávik skýrist af stærstum hluta af aukinni tímabundinni fjárheimild samtals 159 m.kr. vegna tímabundinnar fjölgunar sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid-19 á börn og unglinga en einungis er búið að nýta um 54,7 m.kr. Frávik skýrist einnig af fjárheimild vegna námsleyfa sem var ekki nýtt samtals 26 m.kr. og styrkjum vegna Covid-19 fyrir félagsstarf aldraðra og fatlaðra samtals 33 m.kr.

**Samningar, framlög og styrkir** voru 807 m.kr. umfram fjárheimildir eða 18%. Frávik skýrist helst af samningum vegna barna og ungmenna með þroska og geðraskanir en einnig vegna ónægra fjárheimilda vegna lögbundinna verkefna fyrir fjölskylduheimilið Ásvallagötu, skammtímaheimili fyrir unglinga Hraunbergi, ferðaþjónustu fatlaðra, félagsmiðstöð Sléttuvegi og orlofsnefnd húsmæðra alls 806 m.kr. á árinu 2022.

**Búsetuúrræði** sviðsins, þ.e. búsetuúrræði fyrir fatlað fólk og úrræði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuþarfir, voru 64 m.kr. innan fjárheimilda eða 1%. Covid-19 kostnaður vegna launa var 200,3 m.kr. og 38,7 m.kr. vegna annars rekstrarkostnaðar á árinu.

**Hjúkrunarheimili** voru 230 m.kr. umfram fjárheimildir eða 89%. Droplaugarstaðir voru 160 m.kr. umfram fjárheimildir eða 79%. Frávik skýrist af fleiri stöðugildum en áætlað var fyrir, endurmati starfa aftur í tímann og af auknum lyfja- og læknakostnaði. Gripið hefur verið til aðgerða og stöðugildum fækkað. Frávik skýrist einnig af MND deildinni en gert var ráð fyrir færri stöðugildum þar en raunveruleg þörf er og hún því verulega vanfjármögnuð. Það er nú í skoðun hjá Sjúkratryggingum Íslands að bæta frávikið fyrir árið 2022. Óskað var eftir bætingu frá Sjúkratryggingum Íslands vegna endurmats starfa og hagvaxtarauka, samtals 51,3 m.kr. og vegna langtímaveikinda 35 m.kr. en erindið er enn í vinnslu hjá þeim. Frávik skýrist einnig af auknu hlutfalli veikinda eða 9% miðað við 5,5% á síðasta ári. Seljahlíð var 70 m.kr. umfram fjárheimildir eða 127% sem skýrist af endurmati starfa aftur í tímann og því að Seljahlíð er óhagstæð rekstrareining með aðeins 20 hjúkrunarrými. SÍ greiðir 1,5 m.kr. á mánuði vegna smæðarálags sem dugir ekki til. Óskað var eftir bætingu frá Sjúkratryggingum Íslands vegna endurmats starfa og hagvaxtarauka, samtals 11,4 m.kr. og vegna langtímaveikinda 10,4 m.kr. en erindið liggur enn hjá þeim.

**Stuðnings- og stoðþjónusta, skammtímavistanir og stuðningsfjölskyldur** voru 126,8 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4%. Þar af voru skammtímavistanir fyrir börn 49 m.kr. umfram fjárheimildir og stuðningsþjónusta fyrir börn 75 m.kr. umfram fjárheimildir. Kostnaður við stuðningsfjölskyldur vegna barna í félagslegum vanda var 73,8 m.kr. umfram fjárheimildir eða 87% og stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra barna 49,6 m.kr. umfram fjárheimildir eða 30%. Stuðningsþjónusta í heild sinni var 119,6 m.kr. umfram fjárheimildir. Rekja má yfirfrávikin til fjölgunar stuðningsfjölskyldna og rýmkunar á reglum sem voru settar til samræmis við reglugerð félagsmálaráðuneytis, sem tóku gildi 1. mars 2020. Fram kemur í reglugerð *nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga* að heimilt sé að vista barn hjá stuðningsfjölskyldu í allt að sjö daga samfellt. Samkvæmt *leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um þjónustu stuðningsfjölskyldna samkvæmt lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir* kemur fram að þjónustan geti verið allt að 15 sólarhringar á mánuði. Framlög til stuðningsþjónustu dugðu ekki til að sinna lögbundnum verkefnum þrátt fyrir hækkun fjárheimilda 2022.

**Úrræði barnaverndar** voru í heild 688 m.kr. umfram fjárheimildir eða 82%. Frávik skýrist af vistun barna á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga þar sem börn með alvarlegar geð- og hegðunarraskanir eru vistuð utan heimilis. Meðferðaheimilum Barnaverndarstofu hefur verið lokað, einu af öðru á undanförnum áratugum en kostnaði vegna vistana velt yfir á sveitarfélögin. Þá hefur kostnaður fyrir hvert barn sem vistast í slíkum úrræðum vaxið vegna launahækkana og betri vinnutíma í vaktavinnu. Sótt hefur verið um framlag til sérfræðiteymis félagsmálaráðuneytisins til að standa straum af kostnaði vegna vistunar barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Velferðarsvið fékk 232,5 m.kr. framlag frá sérfræðiteymi félagsmálaráðuneytisins til að standa straum af kostnaði og einnig endurgreiðslu að upphæð 94,4 m.kr. frá ríkinu á grundvelli 15. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

**Meðalveikindahlutfall starfsmanna velferðarsviðs** var 8,9% samanborið við 6,9% á síðasta ári sem skýrist helst af veikindum vegna Covid-19. Fjöldi starfsmanna í langtímaveikindum var 309 á tímabilinu eða um 2%.

## Málefni fatlaðs fólks

| Málefni fatlaðs fólks (m.kr.) | Raun 2022 | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 653 | 382 | 272 | 71,2% |
| Laun og launat. gj. | 12.440 | 12.123 | 317 | 2,6% |
| Annar rekstrark. | 6.432 | 5.814 | 618 | 10,6% |
| **Nettó útgjöld** | **18.219** | **17.556** | **664** | **3,8%** |

Nettó útgjöld velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks voru 18.219 m.kr. sem var 664 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,8%. Tekjur voru 653 m.kr. eða um 272 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Laun og launatengd gjöld voru 12.440 m.kr. eða 317 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,6%. Annar rekstrarkostnaður var 6.432 m.kr. sem var 618 m.kr. eða 10,6% umfram fjárheimildir. Frávik skýrist af samningum um vistun barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir samtals 780 m.kr. Óbættur kostnaður vegna Covid-19 í málaflokknum nam 110 m.kr. vegna launa og 9,5 m.kr. í annan rekstrarkostnað. Langvarandi álag vegna Covid-19 hefur einnig leitt af sér hærra veikindahlutfall.

Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri velferðarsviðs án bundinna liða:

| Lykiltölur úr rekstri - VEL | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Heimaþjónusta** | | | | | | 2021-22 |
| Fjöldi heimila | 3.608 | 3.603 | 3.568 | 3.614 | 3.570 | -1,20% |
| Heildarkostnaður - þús. kr | 1.957.712 | 2.105.610 | 2.343.717 | 2.608.437 | 2.724.539 | 4,50% |
| **Heimahjúkrun** | | | | | | |
| Fjöldi heimila | 2.268 | 2.457 | 2.684 | 2.834 | 2.905 | 2,50% |
| Heildarkostnaður - þús. kr | 1.420.657 | 1.553.919 | 1.721.806 | 1.811.493 | 2.400.912 | 32,50% |
| **Heimsendur matur** | | | | | | |
| Fjöldi notenda | 799 | 829 | 1.347 | 1.122 | 1.018 | -9,30% |
| Fjöldi máltíða | 92.498 | 88.565 | 128.213 | 125.186 | 122.077 | -2,50% |
| **Stuðningsþjónusta** | | | | | | |
| Heildarkostnaður - þús. kr vegna liðveislu, frekari liðveislu, tilsjónar/persónul. ráðgj., stuðningsfjölskyldna og stuðningsins heim | 2.002.447 | 2.200.534 | 2.403.654 | n/a | n/a | n/a |
| Fjöldi notenda sem fær liðveislu eða tilsjón/persónulega ráðgjöf | 693 | 612 | *838* | n/a | n/a | n/a |
| Fjöldi notenda sem fær frekari liðveislu | 211 | 216 | 258 | 275 | 280 | 1,80% |
| Fjöldi barna í tengslum við stuðningsfjölskyldu | 161 | 194 | 230 | 237 | 229 | -3,40% |
| Fjöldi fatlaðra barna í tengslum við stuðningsfjölskyldu | 194 | 196 | 188 | 193 | 195 | 1,00% |

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 1.443 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,2% sem skýrist einkum af frávikum vegna Covid-19 kostnaðar og þjónustu við börn og ungmenni með alvarlegar þroska- og geðraskanir.
- Tekjur voru 1.414 m.kr. hærri en áætlun sem rekja má að mestu til samnings vegna móttöku flóttafólks, tekna vegna hælisleitenda, frístundastyrks, covid styrkja og þjónustu við íbúa frá öðrum sveitarfélögum.
- Laun og launatengd gjöld voru 1.217 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,6% sem má rekja meðal annars til kostnaðar vegna Covid-19, auknum stöðugildum vegna veikinda, opnun nýrra íbúakjarna, endurmats starfa á hjúkrunarheimilum og fjölgunar starfsmanna vegna móttöku flóttafólks og hælisleitenda.
- Annar rekstrarkostnaður var um 1.640 m.kr. umfram fjárheimildir eða 11,6% sem að stórum hluta má rekja til úrræða barnaverndar og kostnaðar vegna barna með þroska- og geðraskanir. En auk þess frávik vegna móttöku flóttafólks og hælisleitenda ofl. liða.

## Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Stuðnings- og stoðþjónusta var 127 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4%, auk þess var Keðjan töluvert umfram fjárheimildir eða 121 m.kr. eða 47%. Í greinargerð sviðsins er meðal annars vísað til þess að aukin útgjöld megi rekja til breytinga á leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um þjónustu stuðningsfjölskyldna samkvæmt lögum nr. 38/2018. Framúrkeyrslan á árinu er vísbending um að útgjöld séu að þróast með afar óhagstæðum hætti. Mikilvægt er að reglur Reykjavíkurborgar rammi inn stefnu borgarinnar og viðeigandi þjónustustig þannig að þjónustan rúmist innan fjárheimilda.

- Útgjöld vegna barna með alvarlegar geð- og hegðunarraskanir voru 1.249 m.kr. umfram fjárheimildir, þar af voru útgjöld vegna barnaverndar 688 m.kr. Kostnaður hefur aukist afar mikið á síðustu árum og ekki síst í kjölfar Covid-19. Þá hefur meðferðarheimilum Barnaverndarstofu hefur verið lokað, einu af öðru á undarnförnum áratugum en kostnaði vegna vistana velt yfir á sveitarfélögin. Hér er um mjög alvarlega stöðu að ræða þar sem útgjöld hafa hækkað mikið á síðustu árum. Þörf er á frekari stefnumörkun um hvernig tekist er á við þennan vanda, kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og markvissum áætlunum til úrbóta.

- Rekstur hjúkrunarheimila var 230 m.kr. umfram fjárheimildir. Viðvarandi rekstrarhalli er á Seljahlíð þar sem daggjöld standa ekki undir kostnaði en Reykjavíkurborg hefur sagt upp samningi við ríkið um rekstur þess sem á að koma til framkvæmda 30.06.2023. Mikilvægt er að sækja eðlilegar útgjaldahækkanir til ríkisins vegna hagvaxtarauka, endurmats starfa og annarra kostnaðarliða svo unnt sé að halda uppi umsömdu þjónustustigi.

## 1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

| Bundnir liðir VEL (m.kr.) | Raun 2022 | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 1.700 | 757 | 943 | 124,5% |
| Gjöld | 5.896 | 5.200 | 696 | 13,4% |
| **Nettó útgjöld** | **4.196** | **4.443** | **-247** | **-5,6%** |

| Fjárhagsaðst. (m.kr.) | Raun 2022 | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Framfærslustyrkur | 1.560 | 2.133 | -573 | -26,9% |
| Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar | 837 | 633 | 204 | 32,2% |
| Heimildargreiðslur - Átaksverkefni | 328 | 196 | 132 | 67,7% |
| Heim.gr. 16.gr. A aðstoð v/barna | 61 | 133 | -72 | -53,9% |
| **Nettó útgjöld** | **2.786** | **3.095** | **-309** | **-10,0%** |

| Notendur fjárhagsaðstoðar (fjöldi) | Fjöldi jan-des 2022 | Fjöldi jan-des 2021 | Br. milli ára | % |
|---|---|---|---|---|
| Fjárhagsaðstoð alls | 4.558 | 3.523 | 1.035 | 29,4% |
| Fjárhagsaðstoð 6 mán eða lengur | 828 | 807 | 21 | 2,6% |
| Framfærslustyrkur | 3.352 | 2.433 | 919 | 37,8% |
| Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar | 3.212 | 2.279 | 933 | 40,9% |

Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum velferðarsviðs, þ.e. prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

**Gjöld bundinna liða voru 4.196 m.kr.** sem var 247 m.kr. eða 5,6% innan fjárheimilda. Gjöld vegna fjárhagsaðstoðar námu 2.786 m.kr. og gjöld vegna sérstaks húsnæðisstuðnings námu 1.410 m.kr. Endurgreiðsla vegna ríkisins lækkar gjöld vegna fjárhagsaðstoðar um 1.700.




**Fjárhagsaðstoð:** Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar voru 2.786 m.kr. á árinu sem var 309 m.kr. innan fjárheimilda eða 10%. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fjárhæð endurgreiðslu á árinu 2022 nemur 1.700 m. kr. vegna fjárhagsaðstoðar á árinu 2022. Endurgreiðslan er fyrir allar tegundir af fjárhagsaðstoð og mun heildargreiðsla með túlkaþjónustu og greiðslum vegna starfsþjálfunarsamninga nema 1.743 m.kr. vegna a og b liðar 15. gr. laga nr. 40/1991.

**Framfærslustyrkur** nam 1.560 m.kr. sem var 573 m.kr. eða 26,9% innan fjárheimilda. Notendum hefur fjölgað um 1.035 frá því á sama tímabili í fyrra eða um 29,4% og eru nú 4.558 einstaklingar sem hafa fengið framfærslustyrk á einhverju tímabili það sem af er árs. Fjöldi notenda sýnir uppsafnaðan fjölda notenda á tímabilinu samanborið við sama tímabil í fyrra en línuritið sýnir fjölda í hverjum mánuði.

**Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar** voru alls 1.226 m.kr. Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar voru 837 m. kr. sem var 204 m.kr. umfram fjárheimildir eða 32,2%. Átaksverkefni voru 132 m.kr. umfram fjárheimildir eða 67,7%. Launakostnaður og rekstur vegna atvinnu og virknimiðlunar greiðist af átaksverkefnum og skýrir hvers vegna kostnaður fer umfram fjárheimildir. Heimildagreiðslur 16. gr. reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð vegna aðstoðar til barna var innan fjárheimilda um 72 m.kr. eða 53,9% innan fjárheimilda. Heimildargreiðslur í heild voru því 265 m. kr. umfram fjárheimildir. Heimildagreiðslum til notenda á fjárhagsaðstoð hefur fjölgað ásamt fjölda notenda með framfærslustyrk. Fjölgun flóttamanna skýrir aukningu notenda á fjárhagsaðstoð og fjölgun heimildagreiðslna. Fjöldi þeirra sem fengu heimildagreiðslur í janúar til desember 2022 var 3.212 sem var fjölgun um 933 notendur eða 40,9% miðað við sama tímabil árið 2021.

**Sérstakur húsnæðisstuðningur:** Kostnaður var 1.410 m.kr. sem var 62 m.kr. eða 4,6% umfram fjárheimildir.

| Sérstakur húsnæðisstuðningur | Raun 2022 | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Sérstakur húsnæðisstuðningur | 639 | 609 | 30 | 4,9% |
| Sérstakur húsnæðist. félagsl. húsn. | 771 | 739 | 32 | 4,3% |
| **Nettó útgjöld** | **1.410** | **1.348** | **62** | **4,6%** |

| Notendur sérstaks húsnæðisst. (fjöldi) | Fjöldi jan-nóv 2022 | Fjöldi jan-nóv 2021 | Br. milli ára | % |
|---|---|---|---|---|
| Sérstakur húsnæðisstuðningur | 2.351 | 2.338 | 13 | 0,6% |
| Sérstakur húsnæðist. félagsl. húsn. | 2.146 | 2.287 | -141 | -6,2% |

**Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur á almennum leigumarkaði** var 639 m.kr. eða 30 m.kr. umfram fjárheimildir. Notendum fjölgaði um 13 frá sama tímabili og í fyrra. Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda á tímabilinu samanborið við uppsafnaðan fjölda á sama tímabili í fyrra. Línuritið sýnir fjölda notenda í hverjum mánuði.



**Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur í félagslegu húsnæði** var 771 m.kr. eða 32 m.kr. umfram fjárheimildir. Notendum með sérstakan húsnæðisstuðning í félagslegu húsnæði fækkað um 141 frá sama tímabili 2021. Hér er um að ræða uppsafnaðan fjölda yfir árið allt árið. Fækkun á milli ára skýrist af því að færri fengu leiðréttar greiðslur vegna sérstaks húsnæðisstuðnings frá fyrra ári á árinu 2022 vegna ársins 2021 heldur en á árinu 2021 vegna ársins 2020. Þeir sem fá leiðréttar greiðslur frá fyrra ári teljast með í fjölda þeirra sem fá greiðslur í leiðréttingarmánuði.

Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri velferðarsviðs-bundnir liðir:

| Lykiltölur úr rekstri - VEL | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárhagsaðstoð** | | | | | | 2021-22 |
| Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - Fjöldi heimila | 2.011 | 2.195 | 2.539 | 2.433 | 3.352 | 37,77% |
| Heimildargreiðslur alls - Fjöldi heimila | 1.471 | 1.641 | 2.152 | 2.277 | 3.212 | 41,06% |
| Fjárhagsaðstoð alls - Fjöldi heimila | 2.698 | 2.930 | 3.421 | 3.521 | 4.558 | 29,45% |
| Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - þús.kr | 1.604.748 | 2.044.917 | 2.731.494 | 2.727.932 | 3.246.066 | 18,99% |
| Heimildargreiðslur - þús. kr | 462.177 | 527.888 | 624.987 | 585.487 | 801.188 | 36,84% |
| Fjárhagsaðstoð samtals þús. kr | 2.066.925 | 2.704.326 | 3.510.582 | 3.479.479 | 4.313.568 | 23,97% |
| **Húsaleigubætur** | | | | | | |
| Sérstakar húsaleigubætur - Fj. heimila | 1.259 | 1.571 | 2.039 | 2.338 | 2.351 | 0,60% |
| Sérst. húsaleigub. Félagsb - Fj. heimila | 1.983 | 1.930 | 2.103 | 2.287 | 2.146 | -6,20% |
| Sérstakar húsaleigubætur - þús. kr | 531.003 | 385.222 | 495.609 | 596.501 | 638.633 | 7,10% |
| Sérst. húsaleigub. Félagsb. - þús. kr | 543.634 | 526.539 | 592.892 | 649.596 | 712.696 | 9,70% |

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Bundnir liðir voru 247 m.kr. undir fjárheimildum eða 5,6%. Þar af var fjárhagsaðstoð 309 m.kr. eða 10% innan fjárheimilda en sérstakur húsnæðisstuðningur var 62 m.kr. eða 4,6% umfram fjárheimildir.
- Vakin er athygli á að ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í tvö ár í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Endurgreiðslan vegna ársins nam tæpum 1.700 m.kr.

## Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Nauðsynlegt er að aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga verði tekjufærð með reglubundnum hætti yfir árið til samræmis við áfallinn kostnað.

# 1.6 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu




| Rekstur RHS (m.kr.) | Raun 2022 | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 121 | 86 | 35 | 40,8% |
| Laun og launat. gj. | 1.653 | 1.578 | 75 | 4,8% |
| Annar rekstrark. | 328 | 450 | -123 | -27,2% |
| **Nettó útgjöld** | **1.860** | **1.943** | **-82** | **-4,2%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu fyrir árið 2022 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld** voru 1.860 m.kr. eða 82 m.kr. innan fjárheimilda.




**Tekjur** voru 121 m.kr. eða 35 m.kr. yfir áætlun. Tekjur voru yfir áætlun hjá innri endurskoðun og ráðgjöf. Styrkir vegna styrkja frá EU eru undir áætlun.

**Laun og launatengd gjöld** voru 1.653 m.kr. eða 75 m.kr. umfram fjárheimildir. Laun vegna kostnaðarstaða á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara voru 74 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Annar rekstrarkostnaður** var 328 m.kr. sem var 123 m.kr. innan fjárheimilda vegna þess að ýmis verkefni fara seinna af stað en áætlað var.

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2021.

| Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu | Eining | Raun 2022 | Upprunaleg áætlun 2022 | Esk áætlun 2022 | Mismunur á raun og esk áætlun | % | Raun 2021 | Mism. milli ára | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Borgarlögmaður | BLÖ | 160 | 156 | 163 | -3 | -1,9% | 149 | 11 | 7,5% |
| Innri endurskoðun og ráðgjöf | END | 184 | 197 | 201 | -17 | -8,4% | 153 | 31 | 20,1% |
| Mannréttindaskrifstofa | MAR | 322 | 347 | 384 | -62 | -16,2% | 320 | 2 | 0,5% |
| Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara | SBO | 518 | 514 | 517 | 1 | 0,2% | 475 | 43 | 9,1% |
| Skrifstofa borgarstjórnar | SBS | 676 | 567 | 677 | -1 | -0,1% | 563 | 113 | 20,1% |
| Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu | RHS | **1.860** | **1.781** | **1.943** | **-82** | **-4,2%** | **1.660** | **200** | **12,0%** |

## Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

| Málaflokkar RHS (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2022 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2022 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2022 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Borgarlögmaður | 1 | 1 | 0 | 154 | 146 | 7 | 7 | 18 | -10 | **160** | **163** | **-3** | **1,9%** |
| Innri endurskoðun og ráðgjöf | 57 | 40 | 17 | 202 | 197 | 6 | 39 | 44 | -5 | **184** | **201** | **-17** | **-8,4%** |
| Mannréttindaskrifstofa | 7 | 4 | 4 | 262 | 276 | -14 | 67 | 112 | -45 | **322** | **384** | **-62** | **-16,2%** |
| Skrifst. borgarstjóra og borgarritara | 55 | 41 | 14 | 440 | 366 | 74 | 133 | 192 | -59 | **518** | **517** | **1** | **0,2%** |
| Skrifstofa borgarstjórnar | 0 | 0 | 0 | 595 | 593 | 2 | 82 | 84 | -2 | **676** | **677** | **-1** | **-0,1%** |
| **Samtals** | **121** | **86** | **35** | **1.653** | **1.578** | **75** | **328** | **450** | **-123** | **1.860** | **1.943** | **-82** | **-4,2%** |

**Innri endurskoðun** var 17 m.kr. innan fjárheimilda.

**Mannréttindaskrifstofa** var 62 m.kr. innan fjárheimilda vegna þess að ekki náðist að vinna öll verkefni sem voru áætluð.

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstur skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu var 82 m.kr. eða 4,2% innan fjárheimilda ársins.

## 1.7 Sameiginlegur kostnaður




| Rekstur ÖNN (m.kr.) | Raun 2022 | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 1 | 3.069 | -3.068 | -100,0% |
| Laun og launat. gj. | 988 | 3.516 | -2.528 | -71,9% |
| Breyting lífeyriskb. | 5.467 | 2.700 | 2.767 | 102,5% |
| Annar rekstark. | 3.069 | 2.071 | 998 | 48,2% |
| **Nettó útgjöld** | **9.522** | **5.217** | **4.305** | **82,5%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu á sameiginlegum kostnaði fyrir árið 2022 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld voru 9.522 m.kr.** en áætlun gerði ráð fyrir 5.217 m.kr. sem var 4.305 m.kr. eða 83% umfram fjárheimildir ársins.







**Tekjur** voru 3.068 m.kr. undir áætlun vegna aðgerðaáætlunar en gert hafði verið ráð fyrir að á árinu 2022 næðist árangur í viðræðum við ríkið um leiðréttingu á fjármögnun verkefna sem flust hafa frá ríkinu.

**Laun** hjá sameiginlegum kostnaði voru 2.528 m.kr. innan fjárheimilda m.a. vegna atvinnumála sem voru 40 m.kr. innan fjárheimilda, orlofsskuldbindinga sem var 777 m.kr. innan fjárheimilda, um helming þess má rekja til hliðrunar milli ára en orlofsskuldbindingin hækkaði um 388 m.kr. frá útkomuspá 2021 til ársloka 2021. Hinn hlutinn skýrist að mestu af aukinni orlofstöku starfsfólks á uppsöfnuðu orlofi, launa- og starfsmannakostnaðar sem var 586 m.kr. innan fjárheimilda og launkostnaður á ófyrirséðu var 1.128 m.kr. innan fjárheimilda.

**Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar v. LsRb** nam 5.467 m.kr. sem var 2.767 m.kr. yfir áætlun. Frávik ársins skýrist helst af því að ávöxtun eigna sjóðsins var lakari en gert var ráð fyrir sem skýrist af krefjandi markaðsaðstæðum.

**Annar kostnaður** nam 3.069 m.kr. hjá sameiginlegum kostnaði sem var 998 m.kr. umfram fjárheimildir. Styrkir og ýmis framlög voru 59 m.kr. innan fjárheimilda. Annar kostnaður vegna atvinnumála var 5 m.kr. innan fjárheimilda. Rekstur miðlægs tölvukerfis var 12 m.kr. innan fjárheimilda, Innheimtukostnaður skatttekna var 58 m.kr. umfram fjárheimildir m.a. vegna þess að útsvarstekjur voru hærri en áætlað var. Starfsmannakostnaður var 149 umfram fjárheimildir þar af slysabætur sem voru 6 m.kr. innan fjárheimilda. Kosningar voru samkvæmt áætlun. Ýmis kostnaður var 866 m.kr. umfram fjárheimildir þar af ófyrirséð 854 m.kr. umfram fjárheimildir.

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2021.

| Sameiginlegur kostnaður | Eining | Raun 2022 | Upprunaleg áætlun 2022 | Esk. áætlun 2022 | Mismunur á raun og esk áætlun | % | Raun 2021 | Mism. milli ára | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Styrkir og framög | ONN010 | 613 | 621 | 672 | -59 | -8,8% | 553 | 61 | 11,0% |
| Atvinnumál | ONN020 | 311 | 67 | 356 | -45 | -12,6% | 403 | -92 | -22,9% |
| Rekstur miðlægs tölvukerfi | ONN025 | 124 | 133 | 133 | -9 | -6,7% | 122 | 2 | 1,7% |
| Innheimtukostnaður skatttekna | ONN030 | 885 | 827 | 827 | 58 | 7,0% | 791 | 94 | 11,9% |
| Starfsmannakostnaður | ONN040 | 509 | 3.072 | 1.723 | -1.214 | -70,4% | 1.583 | -1.073 | -67,8% |
| Kosningar | ONN050 | 139 | 110 | 138 | 0 | 0,3% | 0 | 139 | 192235,4% |
| Ýmis kostnaður | ONN060 | 1.088 | 4.487 | 1.282 | -194 | -15,1% | 871 | 217 | 25,0% |
| Aðgerðaráætlun | ONN070 | 0 | -3.000 | -3.000 | 3.000 | -100,0% | 0 | 0 | n/a |
| Breytingar lífeyrisskuldbindinga | ONNLIF | 5.852 | 3.085 | 3.085 | 2.767 | 89,7% | 222 | 5.630 | 2535,3% |
| Sameiginlegur kostnaður | ONN | **9.522** | **9.403** | **5.217** | **4.305** | **82,5%** | **4.545** | **4.977** | **109,5%** |

## Málaflokkar hjá sameiginlegum kostnaði

| Málaflokkar ÖNN (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2022 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2022 | Frávik | Annar kosntaður | Áætlun 2022 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Styrkir og ýmis framlög | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 613 | 672 | -59 | **613** | **672** | **-59** | **-8,8%** |
| Atvinnumál | 0 | 0 | 0 | 302 | 341 | -40 | 10 | 15 | -5 | **311** | **356** | **-45** | **-12,6%** |
| Rekstur miðlægra tölvukerfa | 0 | 0 | 0 | 15 | 12 | 3 | 110 | 121 | -12 | **124** | **133** | **-9** | **-6,7%** |
| Innheimtukostnaður skattekna | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 885 | 827 | 58 | **885** | **827** | **58** | **7,0%** |
| Starfsmannakostnaður | 0 | 0 | 0 | 210 | 1.573 | -1.363 | 299 | 150 | 149 | **509** | **1.723** | **-1.214** | **-70,4%** |
| Kosningar | 0 | 0 | 0 | 77 | 77 | 0 | 61 | 61 | 1 | **139** | **138** | **0** | **0,3%** |
| Ýmis kostnaður | 1 | 69 | -68 | -1 | 1.127 | -1.128 | 1.090 | 224 | 866 | **1.088** | **1.282** | **-194** | **-15,1%** |
| Aðgerðaáætlun | 0 | 3.000 | -3.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | **0** | **-3.000** | **3.000** | **-100,0%** |
| Gjaldfærsla vegna Brúar lsj. | | | 0 | 385 | 385 | 0 | | | 0 | **385** | **385** | **0** | **0,0%** |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu LsRb | | | 0 | 5.467 | 2.700 | 2.767 | | | 0 | **5.467** | **2.700** | **2.767** | **102,5%** |
| **Samtals** | **1** | **3.069** | **-3.068** | **6.455** | **6.216** | **239** | **3.069** | **2.071** | **998** | **9.522** | **5.217** | **4.305** | **82,5%** |

**Styrkir og ýmis framlög** voru 59 m.kr. innan fjárheimilda. Þar af var afsláttur fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega 45 m.kr. innan fjárheimilda.

**Atvinnumál** voru 45 m.kr. innan fjárheimilda.

**Rekstur miðlægra tölvukerfa** var 9 m.kr. innan fjárheimilda.

**Innheimtukostnaður skatttekna** var 58 m.kr. umfram fjárheimilda. Frávikið skýrist af því að útsvar ársins 2022 var töluvert umfram upphaflega áætlun ársins en innheimtuþóknun nemur 0,5% af innheimtu útsvari í staðgreiðslu. Fasteignamatsskrá var 51 m.kr. umfram áætlun.

**Starfsmannakostnaður** var 1.214 m.kr. innan fjárheimilda vegna slysabóta 6 m.kr. orlofsskuldbindinga en um helming þess má rekja til hliðrunar milli ára en orlofsskuldbindingin hækkaði um 388 m.kr. frá útkomuspá 2021 til ársloka 2021. Hinn hlutinn skýrist að mestu af aukinni orlofstöku starfsfólks á uppsöfnuðu orlofi.

**Ýmis kostnaður** var 194 m.kr. innan.

**Aðgerðaáætlun** var 3.000 m.kr. undir áætlun. Frávik ársins skýrist af því að gert hafði verið ráð fyrir að árangur næðist í viðræðum við ríkið um leiðréttingu á fjármögnun verkefna sem flust hafa frá ríkinu. Í desember náðist samkomulag við ríkið um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið fól í sér tilfærslu skatttekna frá ríkinu til sveitarfélaga sem nemur 0,22% af útsvarsstofni frá og með árinu 2023. Því gætti ekki áhrifa vegna þessa á árinu 2022. Þrátt fyrir samkomulagið glíma sveitarfélög enn við mikla vanfjármögnun vegna verkefna sem hafa flust frá ríkinu og er það eitt af áherslum Reykjavíkurborgar í gildandi fjármálastefnu að leiðrétta fjármögnun þeirra.

**Breyting á lífeyrisskuldbindingum** var 2.766 m.kr. yfir áætlun. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar ársins 2022 nam 5.467 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 3.085 m.kr. Frávik ársins skýrist helst af því að ávöxtun eigna sjóðsins var lakari en gert var ráð fyrir sem skýrist af krefjandi markaðsaðstæðum. Í 20. og 21. gr. reglugerðar 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda er fjallað um tryggingarfræðilega núvirðingu verðbréfa. Um eignir sjóðsins gildir að verðbréf með breytilegum tekjum eru núvirt m.v.

markaðsvirði á uppgjörsdegi eða vegið markaðsvirði þeirra á undangengu þriggja ára tímabili ef það er lægra. Á þetta m.a. við um hlutabréf sjóðsins og því getur myndast frávik frá áætlun ef ávöxtun þessara eigna er lægra en gert hafði verið ráð fyrir.

## 1.8 Fjármála- og áhættustýringarsvið




| Rekstur FAS (m.kr.) | Raun 2022 | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 61 | 47 | 14 | 30,6% |
| Laun og launat. gj. | 1.281 | 1.232 | 49 | 4,0% |
| Annar rekstrark. | 242 | 260 | -18 | -7,0% |
| **Nettó útgjöld** | **1.462** | **1.445** | **16** | **1,1%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá fjármála- og áhættustýringarsviði fyrir árið 2022 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld voru 1.462 m.kr.** eða 16 m.kr. umfram fjárheimildir.




**Tekjur** voru 61 m.kr. eða 14 m.kr. yfir áætlun aðallega vegna hærri umsýsluþóknunar.

**Laun og launatengd gjöld** voru 1.281 m.kr. eða 49 m.kr. umfram fjárheimildir. Þar af voru laun á innkaupaskrifstofu 18 m.kr. umfram fjárheimildir og laun á launaskrifstofu voru 35 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Annar rekstrarkostnaður** var 242 m.kr. sem var 18 m.kr. innan fjárheimilda m.a. vegna þess að ýmis verkefni fara seinna af stað en áætlað.

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2021.

| Fjármála- og áhættustýringarsvið | Eining | Raun 2022 | Upprunaleg áætlun 2022 | Esk áætlun 2022 | Mismunur á raun og esk áætlun | % | Raun 2021 | Mism. milli ára | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Áætlunar- og uppgjörsskrifstofa | AUS | 137 | 136 | 139 | -2 | -1,2% | 139 | -1 | -0,8% |
| Bókhaldsskrifstofa | BSK | 290 | 293 | 299 | -8 | -2,8% | 266 | 24 | 9,1% |
| Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa | FIS | 122 | 115 | 117 | 5 | 4,1% | 110 | 11 | 10,3% |
| Innkaupaskrifstofa | ISR | 177 | 167 | 171 | 6 | 3,3% | 150 | 27 | 17,8% |
| Launaskrifstofa | LSK | 383 | 344 | 351 | 32 | 9,1% | 326 | 57 | 17,5% |
| Skrifstofa áhættustýringar | SÁS | 74 | 77 | 79 | -5 | -6,7% | 68 | 6 | 8,2% |
| Skrifstofa sviðsstjóra FAS | SSF | 278 | 283 | 289 | -11 | -3,7% | 279 | -1 | -0,4% |
| Fjármála- og áhættustýringarsvið | FAS | **1.462** | **1.416** | **1.445** | **16** | **1,1%** | **1.339** | **123** | **9,2%** |

## Fjármála- og áhættustýringasvið

| Málaflokkar FAS (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2022 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2022 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2022 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Áætlana og uppgjörsskrifstofa | 0 | 0 | 0 | 132 | 133 | -1 | 6 | 6 | 0 | **137** | **139** | **-2** | **-1,2%** |
| Bókhaldsskrifstofa | 16 | 14 | 2 | 258 | 258 | 0 | 49 | 54 | -6 | **290** | **299** | **-8** | **-2,8%** |
| Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa | 1 | 1 | 0 | 108 | 105 | 3 | 15 | 13 | 2 | **122** | **117** | **5** | **4,1%** |
| Innkaupaskrifstofa | 43 | 32 | 11 | 135 | 117 | 18 | 85 | 86 | -1 | **177** | **171** | **6** | **3,3%** |
| Launaskrifstofa | 0 | 0 | 0 | 329 | 294 | 35 | 54 | 57 | -3 | **383** | **351** | **32** | **9,1%** |
| Skrifstofa áhættustýringar | 0 | 0 | 0 | 68 | 71 | -2 | 5 | 8 | -3 | **74** | **79** | **-5** | **-6,7%** |
| Skrifstofa sviðstjóra FAS | 1 | 0 | 1 | 251 | 254 | -3 | 29 | 35 | -7 | **278** | **289** | **-11** | **-3,7%** |
| **Samtals** | **61** | **47** | **14** | **1.281** | **1.232** | **49** | **242** | **260** | **-18** | **1.462** | **1.445** | **16** | **1,1%** |

**Bókhaldsskrifstofa** var 8 m.kr. innan fjárheimilda.

**Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa** var 5 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Innkaupaskrifstofa** var 6 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Launaskrifstofa** var 32 m.kr. umfram fjárheimildir vegna launakostnaðar.

**Skrifstofa áhættustýringar** var 5 m.kr. innan fjárheimilda.

**Skrifstofa sviðstjóra FAS** var 11 m.kr. innan fjárheimilda.

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstur fjármála- og áhættustýringarsviðs var 16 m.kr. eða 1,1% yfir fjárheimildum ársins og skýrist að stærstum hluta af launakostnaði á launaskrifstofu.

## 1.9 Mannauðs- og starfsþróunarsvið




| Rekstur MOS (m.kr.) | Raun 2022 | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 40 | 2 | 38 | 1913,9% |
| Laun og launat. gj. | 287 | 274 | 13 | 4,9% |
| Annar rekstrark. | 128 | 103 | 25 | 24,2% |
| **Nettó útgjöld** | **375** | **375** | **0** | **0,1%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá mannauðs- og starfsþróunarsviði fyrir árið 2022 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld voru 375 m.kr.** eða samkvæmt fjárheimildum.




**Tekjur** voru 40 m.kr. eða 38 m.kr. yfir áætlun vegna styrkja frá stéttafélögum og vegna vinnu fyrir Samband ísl. sveitafélaga 2021.

**Laun og launatengd gjöld** voru 287 m.kr. eða 13 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Annar rekstrarkostnaður** var 128 m.kr. eða 25 m.kr. umfram fjárheimildir.

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2021.

| Mannauðs- og starfsþróunarsvið | Eining | Raun 2022 | Upprunaleg áætlun 2022 | Esk áætlun 2022 | Mismunur á raun og esk áætlun | % | Raun 2021 | Mism. milli ára | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skrifstofa kjaramála | SKM | 82 | 76 | 77 | 5 | 6,3% | 85 | -3 | -3,5% |
| Skrifstofa ráðningar og mönnunar | SRM | 52 | 43 | 54 | -3 | -5,0% | 51 | 1 | 1,9% |
| Skrifstofa sviðsstjóra MOS | SSM | 143 | 136 | 147 | -5 | -3,2% | 149 | -6 | -4,2% |
| Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis | SSS | 54 | 52 | 53 | 1 | 2,5% | 43 | 12 | 27,4% |
| Verkefnastofa starfsmats | VSS | 45 | 14 | 43 | 2 | 3,7% | 14 | 31 | 219,6% |
| Mannauðs- og starfsþróunarsvið | MOS | **375** | **320** | **375** | **0** | **0,1%** | **341** | **34** | **10,0%** |

### Mannauðs - og starfsþróunarsvið

| Þjónustuþættir MOS (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2022 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2022 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2022 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skristofa kjaramála | 0 | 0 | 0 | 74 | 72 | 2 | 8 | 5 | 2 | **82** | **77** | **5** | **6,3%** |
| Skrifstofa ráðninga og mönnunar | 0 | 0 | 0 | 51 | 54 | -3 | 0 | 0 | 0 | **52** | **54** | **-3** | **-5,0%** |
| Skrifstofa sviðstjóra MOS | 33 | 2 | 31 | 94 | 94 | 0 | 82 | 55 | 27 | **143** | **147** | **-5** | **-3,2%** |
| Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis | 0 | 0 | 0 | 54 | 53 | 1 | 1 | 0 | 1 | **54** | **53** | **1** | **2,5%** |
| Verkefnastofa starfsmats | 7 | 0 | 7 | 14 | 0 | 14 | 38 | 43 | -5 | **45** | **43** | **2** | **3,7%** |
| **Samtals** | **40** | **2** | **38** | **287** | **274** | **13** | **128** | **103** | **25** | **375** | **375** | **0** | **0,1%** |

**Skrifstofa kjaramála** var 5 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Skrifstofa ráðningar og mönnunar** var 3 m.kr. innan fjárheimilda.

**Skrifstofa sviðstjóra MOS** var 5 m.kr. innan fjárheimilda.

**Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis** var 1 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Verkefnastofa starfsmats** var 2 m.kr. umfram fjárheimildir.

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstur mannauðs- og starfsþróunarsviðs var samkvæmt fjárheimildum.

## 1.10 Þjónustu- og nýsköpunarsvið




| Rekstur ÞON (m.kr.) | Raun 2022 | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 1.752 | 1.545 | 207 | 13% |
| Laun og launat. gj. | 1.092 | 1.347 | -255 | -19% |
| Annar rekstrark. | 3.712 | 3.248 | 464 | 14% |
| **Nettó útgjöld** | **3.052** | **3.050** | **1,9** | **0,06%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði fyrir árið 2022 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld voru 3.052 m.kr.** eða 1,9 m.kr. umfram fjárheimildir eða sem nam 0,06%.




**Tekjur** námu 1.752 m.kr. eða 207 m.kr. yfir áætlun. Tekjur upplýsingatækniþjónustu voru 217 m.kr. hærri en áætlað var vegna aukinnar þjónustu við önnur fagsvið. Aðrar tekjur voru samtals 11 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

**Laun og launatengd gjöld** námu samtals 1.092 m.kr. eða samtals 255 m.kr. innan fjárheimilda ársins. Frávik frá launaáætlun er tilkomin þar sem erfitt hefur reynst að ráða í stöðugildi starfsmanna sem hafa látið af störfum en jafnframt vegna aukinnar aðkomu starfsmanna í fjárfestingaverkefnum umfram það sem áætlað var. Að sama skapi þá hefur annar rekstrarkostnaður aukist þar sem verkefnum starfsmanna hefur verið mætt með aðkeyptri þjónustu.

**Annar rekstrarkostnaður** nam samtals 3.712 m.kr. sem er 464 m.kr. umfram fjárheimildir ársins.

**Fjárfesting í Eignasjóði** nam samtals 3.460 m.kr. en áætlun ársins gerði ráð fyrir fjárfestingum að fjárhæð 3.391 m.kr.

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunalegri áætlun, endurskoðaðri áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2021.

| Þjónustu- og nýsköpunarsvið | Eining | Raun 2022 | Upprunaleg áætlun 2022 | Endurskoðuð áætlun 2022 | Frávik á raun og endurskoðaðri áætlun í m.kr. | Frávik á raun og endurskoðaðri áætlun í % | Raun 2021 | Breyting milli ára, í m.kr. | Breyting milli ára, í % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Borgarskjalasafn | BSR | 175 | 173 | 178 | -3 | -1,5% | 167 | 8 | 4,6% |
| Gagnaþjónusta | GÞR | 188 | 205 | 211 | -23 | -11,0% | 211 | -23 | -10,9% |
| Rekstrarþjónusta | RÞR | 425 | 428 | 437 | -12 | -2,8% | 450 | -25 | -5,6% |
| Stafræn Reykjavík | SR | 232 | 237 | 250 | -18 | -7,1% | 203 | 29 | 14,4% |
| Skrifstofa sviðstjóra ÞON | SST | 160 | 166 | 184 | -24 | -12,8% | 161 | -1 | -0,4% |
| Upplýsingatækniþjónusta | UTR | 1.562 | 1.390 | 1.435 | 127 | 8,9% | 967 | 595 | 61,5% |
| Þjónustuhönnun | THU | 309 | 357 | 356 | -46 | -13,0% | 333 | -24 | -7,1% |
| **Samtals** | | **3.052** | **2.956** | **3.050** | **1,9** | **0,06%** | **2.492** | **559** | **22,4%** |

## Þjónustu- og nýsköpunarsvið

| Málaflokkar ÞON (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2022 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2022 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2022 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Borgarskjalasafn | 5 | 1 | 4 | 97 | 103 | -5 | 82 | 76 | 6 | **175** | **178** | **-3** | **-1,5%** |
| Gagnaþjónusta | 0 | 0 | 0 | 45 | 48 | -3 | 8 | 17 | -9 | **52** | **64** | **-12** | **-18,6%** |
| Upplýsinga- og skjalastýring | 18 | 19 | -1 | 78 | 87 | -10 | 76 | 78 | -2 | **136** | **147** | **-11** | **-7,6%** |
| Rekstrarþjónusta | 108 | 109 | -1 | 75 | 73 | 2 | 458 | 473 | -15 | **425** | **437** | **-12** | **0,0%** |
| Stafræn Reykjavík | 0 | 0 | 0 | 64 | 104 | -40 | 168 | 145 | 22 | **232** | **250** | **-18** | **-7,1%** |
| Skrifstofa sviðstjóra ÞON | 72 | 82 | -11 | 141 | 177 | -36 | 91 | 89 | 2 | **160** | **184** | **-24** | **-12,8%** |
| Upplýsingatækniþjónusta | 1.527 | 1.310 | 217 | 397 | 500 | -104 | 2.692 | 2.245 | 448 | **1.562** | **1.435** | **127** | **8,9%** |
| Þjónusta og umbreyting | 23 | 24 | -1 | 196 | 255 | -59 | 137 | 124 | 12 | **309** | **356** | **-46** | **-13,0%** |
| **Rekstur Aðalsjóðs samtals** | **1.752** | **1.545** | **207** | **1.092** | **1.347** | **-255** | **3.712** | **3.248** | **464** | **5.052** | **3.050** | **1,9** | **-0,06%** |
| | | | | | | | | | | | | | |
| Eignasjóður fjárfestingar | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3.460 | 3.391 | 69 | **3.460** | **3.391** | **69** | **2,0%** |
| | | | | | | | | | | | | | |
| **Samtals** | **1.752** | **1.545** | **207** | **1.092** | **1.347** | **-255** | **7.172** | **6.639** | **533** | **8.512** | **6.441** | **71** | **32,2%** |

**Stafræn Reykjavík** var 18 m.kr. innan fjárheimilda. Laun og launatengd gjöld voru samtals 40 m.kr. innan fjárheimilda vegna aukinnar aðkomu starfsmanna að fjárfestingarverkefnum.

**Skrifstofa sviðstjóra** var 24 m.kr. innan fjárheimilda. Launakostnaður var lægri en áætlaður var vegna starfsmannabreytinga.

**Upplýsingatækniþjónusta** var samtals 127 m.kr. umfram fjárheimildir. Tekjur voru 217 m.kr. yfir áætlun og er tilkomið vegna aukinnar þjónustu við önnur fagsvið. Frávik í launum er tilkomið þar sem erfitt hefur reynst að ráða í stöðugildi starfsmanna sem hafa látið af störfum en jafnframt þar sem starfsmenn hafa verið í fjárfestingarverkefnum í meira mæli en áætlað var. Þá hefur annar rekstrarkostnaður aukist á móti þar sem verkefnum starfsmanna hefur verið mætt með aðkeyptri þjónustu.

**Þjónusta og umbreyting** var samtals 46 m.kr. innan fjárheimilda. Laun og launatengd gjöld voru samtals 59 m.kr. innan fjárheimilda vegna aukinnar aðkomu starfsmanna að fjárfestingarverkefnum umfram það sem áætlað var.

**Sótthreinsun og aukin þrif sérstaklega vegna Covid-19** nam samtals 11,8 m.kr. á tímabilinu í stjórnsýsluhúsunum tveimur.

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstur þjónustu- og nýsköpunarsviðs var 1,9 m.kr. eða 0,06% umfram áætlun ársins.

## 1.11 Framlög til B-hluta fyrirtækja




| Framlög (m.kr.) | Raun 2022 | Áætlun 2022 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Strætó | 3.093 | 3.040 | 53 | 1,7% |
| Slökkvilið hbsv. | 1.289 | 1.314 | -25 | -1,9% |
| **Nettó útgjöld** | **4.382** | **4.355** | **27** | **0,6%** |

Myndin hér til hliðar sýnir framlög til B-hluta fyrirtækja fyrir árið 2022 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Framlög til B-hluta fyrirtækja** námu 4.382 m.kr. og voru 27 m.kr. umfram fjárheimildir.

